

Skuggahverfið (I)
Hverfisgata 55 - Frumbyggjasaga

Endurminningar Kristjáns Sigurðssonar læknis



Hverfisgata 55 (1972), hús Helgu Ketilsdóttur og fjölskyldu, samtengt húsi nr. 53

Reykjavík janúar 2023

Efnisyfirlit

Formáli	(3)
Skuggahverfið og Hverfisgatan	(6)
Hverfisgata 55, frumbyggjar	(10)
Helga Ketilsdóttir	(13)
Ætt og æskustöðvar Helgu Ketilsdóttur	(13)
Systkini Helgu Ketilsdóttur	(14)
 Ketill Ketilsson	(15)
 Helga Ketilsdóttir	(16)
 Eiríkur Ketilsson	(18)
 Ólafur Ketilsson	(20)
 Vigdís Ketilsdóttir	(21)
 Vilhjálmur Kristinn Ketilsson	(23)
Fjölskylda Helgu Ketilsdóttur	(25)
 Gunnar Brynjólfsson	(25)
 Halldóra Brynjólfsdóttir	(28)
 Kristján Jónasson	(28)
 Systkini Kristjáns Jónassonar	(29)
 Vilborg Ragnheiður Kristjánsdóttir	(34)
 Bárður Jakobsson	(37)
 Brynja Helga Kristjánsdóttir	(39)
 Sigurður Sigurðsson	(41)
 Heildverslun Ásbjörns Ólafssonar	(42)
 Sigurður Eyleifsson	(43)
 Börn Sigurðar Eyleifssonar	(44)
 Bræður Sigurðar Eyleifssonar	(48)
 Einhildur Þóra Jónsdóttir og systkini	(48)
 Barð í Fljótum	(50)
Myndir úr fjölskyldualbúmi	(55)
 Foreldrar höfundar á efri árum	(69)
 Fjölskylda höfundar	(70)
 Bekkjarsystkini höfundar	(72)
Ferilskrá höfundar	(77-96)

Formáli

Hjálögð mynd úr Sarpinum af tveimur samtengdum húsum við Hverfisgötu 53 og 55 (milli Vatnsstígs og Frakkastígs) svo og fjölskyldumyndasafn sem barst í mínar hendur eftir andlát móður minnar 2012 vöktu úr dvala gleymiskunnar gamlar endurminningar frá Skuggahverfinu, sem hér eru færðar á prent, fyrir vandamenn og aðra fróðleiksfúsa, áður en þoka gleymiskunnar færirst yfir þær á ný.



Hverfisgata 53, 55, 57, 59 fyrir 1995.

Óvíst er hvenær myndin úr Sarpinum er tekin en örugglega fyrir 1995 þar sem húsið nr. 55 er þar í þeirri mynd sem það var fyrir endurbyggingu eftir bruna á því herrans ári. Á myndinni má sjá húsin við Hverfisgötu 53, 55 (rauðleit timburhús tengd með steiptum brunagafli), 57 (gult steinhús á einni hæð) og vesturgafli húss nr. 59 ("Stóra steinhúsið" eins og það var kallað), en bakhúsin nr. 57A, 59B og húsin á lóð nr. 61 (Lúllabúð) sjást ekki. Í "bankauppsveiflunni" fyrir síðustu aldamót stóð til að rífa flestöll hús milli Vatnsstígs og Frakkastígs, en timburhúsin við Hverfisgötu 53 og 55 standa þó enn óbreytt og voru við þessa samantekt hluti "Old Charm Reykjavík íbúðarhótel" í Skuggahverfi. Steinhúsin að Hverfisgötu 57 og 59 hafa síðan verið endurbyggð sem fjölbýlishús en bakhúsin að Hverfisgötu 57A, 59B og húsin nr. 61 hafa öll verið rifin og þar risið steinsteypt fjölbýlishús.



2016. Hverfisgata 53, 55 og endurbyggð hús nr. 57, 59, í fjarska hús austan Frakkastígs.


Hverfisgata 55 var í eigu fjölskyldu minnar allt frá 1912 og til ársins 2005. Þar fæddist ég, með aðstoð Þórdísar Elínar Jónsdóttur Carlquist ljósmóður, 14. desember 1943. Að sögn móður minnar fór vatn kl. 12 og ennisfæðing varð kl. 16:30, 16 merkur og 53 cm. Ég var skírður af séra Jóni Thorarensen á afmælisdegi móðurafa míns 27. júní og látinn bera hans nafn. Séra Jón tengdist ætt móður minnar á þann veg að hann var bróðursonur Hildar Thorarensen konu Ketils Ketilssonar útvegsbónda í Kotvogi, en Ketill var bróðir Helgu Ketilsdóttur móðurömmu minnar. Séra Jón ólst upp hjá þeim hjónum Hildi og Katli og skrifaði meðal annars bókina “*Litla Skinnið*“ um dvöl sína í Kotvogi og forfeður föstra síns Ketils Ketilssonar. Jón sá síðar einnig um fermingu mína og giftingarathöfn 23.04.1966 er ég kvæntist Sigrúnu Ósk Ingadóttur (f. 28.05.1945 í Hrauk, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu) en hún er einkabarn hjónanna Kristínar Lilju Óskarsdóttur (f. 09.05.23, d. 19.09.2022 *minning Morgunblaðið 7.10.2022*) frá Beruvík (í *sumum heimildum Bervík*) Breiðavíkurhreppi Snæfellsnesi og Inga Þórðarsonar (f. 17.08.21, d. 27.02.2000, *minning Morgunblaðið 07.03.2000*) frá Hrauk, Þykkvabæ.

Foreldrar mínir voru báðir fæddir Reykvíkingar og var ég fyrsta barn þeirra af fjórum. Móðir mín gaf mér gælunafnið Kiddór, sem mun vera blanda af nöfnum foreldra hennar (Kristján og Halldóra), en sumir vina minna stytta það síðar í Kiddó. Báðar ömmur mínar og móðurafi voru látin þegar ég fæddist en föðurafi minn Sigurður Eyleifsson var þá enn á lífi og bjó á Sólvallagötu 5a í Reykjavík. Ég ólst upp á Hverfisgötu 55 og var sendur 6 ára, eins og tíðkaðist víða á þessum árum, í sveit að Barði í Fljótum og var þar síðan á hverju sumri til 12 ára aldurs.

Á aldrinum 7 til 15 ára gekk ég í Miðbæjarskólann við Tjörnina, lauk þar barnaskólaprófi 1956, unglingsprófi 1958 og eftir vetrarsetu í Gagnfræðaskólanum við Vonarstræti miðskólaprófi (landsprófi) 1959. Síðan lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík (MR) og að loknu stúdentsprófi 1964 í Háskóla Íslands (bls. 73-77). Lauk þar kandídatprófi í læknisfræði 1972 áður en leiðin lá til Svíþjóðar 1974-1982 til sérnáms í kvensjúkdómum, fæðingarfræði og krabbameinslækningum. Starfaði síðan sem yfirlæknir við Kvennadeild Landspítala til 2001 og Leitarstöð Krabbameinsfélagsins til 2013. Nánari fróðleik um starfsferil höfundar er að finna í viðauka (ferilskrá bls. 78-97).

Það má því með sannri segja að skólaganga mín hafi verið í göngufæri frá Hverfisgötu 55 og tengsl mín við þessar slóðir hafa síðan haldist óslitið þar sem foreldrar mínir bjuggu þar allt til ársins 2005 og móðir mín á Lindargötu 33 til ársins 2012 auk þess sem tvö systkini mín búa enn við Hverfisgötuna. Endurminningar við fráfall móður minnar urðu því hvatning til að færa til bókar fróðleik um sögu frumbyggja Hverfisgötu 55 (*Skuggahverfið (I) / Hverfisgata 55 - Frumbyggjasaga*) sem heimild um heimilis- og uppeldisaðstæður í miðborg Reykjavíkur á þessum tíma.

Vegna stefnu borgaryfirvalda um þéttingu byggðar á seinni hluta 19. og byrjun 20. aldar hafa að auki orðið miklar breytingar á húsaskipan innan Skuggahverfis sem urðu hvatning til upprifjunar á áorðnum breytingum auk fróðleiks um tengsl íbúa Hverfisgötu 55 við næstu nágranna á uppvaxtarárum mínum og er þeim nánar lýst í annarri samantekt (*Skuggahverfið (II) Húsaskipan - Nágrannatengsl*).



Ættartré Kristjáns Sigurðssonar (islendingabok.is).

Skuggahverfið og Hverfisgatan

Skuggahverfið dregur nafn sitt af tómhúsbylínu Skuggi sem reist var 1802-1803 í landi Arnarhóls, spölkorn suðaustan við Klöpp, nálægt því þar sem nú eru gatnamót Skúlagötu og Klapparstígs. Umhverfis Skugga tók síðan að rísa snemma á 19. öld óskipulegt hverfi tómhúsbyla sem var upphaf Skuggahverfis. Hverfið var þannig upphaflega staðsett milli Ingólfsstrætis í vestur, Vitastígs í austur, norðurhliðar Laugavegs í suður og að ströndinni í norður (Páll Líndal, *Sögustað við Sund*) og vitnað til sem Gamla Skuggahverfið.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur “*Borgin við Sundin 2010-2030*“ hefur Skuggahverfið stærri útbreiðslu aðallega til austurs (http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/06-borgin_vid_sundin.pdf) og afmarkast þar af Barónsreit í austur, af Miðbakka-Hörpu og Kvosinni í vestur og af Laugavegi í suður. Barónsreitur hefur þar bæst við fyrri skilgreiningu og afmarkast sá reitur af lóðarmörkum Barónsborgar við Hverfisgötu 83 og Vitastíg í vestri, Skúlagötu til norðurs, lóðarmörkum Skúlagötu 32-34, Barónsstíg 2 og Barónsstíg 4 (Barónsfjós) í austur og Hverfisgötu til suðurs. Til fróðleiks má nefna að Barónsreitur er nefndur eftir frönskum barón, *Charles Gouldrée Boilleau*, sem kom til landsins 1898. Hann keypti Hvítárvelli í Borgarfirði og bjó þar um tíma. Árið eftir að hann kom til landsins byggði hann fjós, Barónsfjósið, á norðvestanverðu horni Hverfisgötu og Barónsstígs sem hefur síðan verið við hann kennt.

Hverfisgatan í Reykjavík dregur nafn sitt af því að vera aðalgatan í Skuggahverfinu í byrjun 19. aldar (*gudjonfr.is*). Gatan náði þá frá Vitastíg að Vatnsstíg en var síðan lengd í áföngum niður að Hafnarstræti og var því verki lokið á árinu 1906. Fyrsta gangstéttin í bænum úr steinlímdu hellum var lögð upp Hverfisgötu 1909. Árið 1921 var gatan malbikuð, fyrst gatna í bænum, og náði malbikið frá Læk upp að Ingólfsstræti.

Í grein Guðjóns Friðrikssonar í Lesbók Morgunblaðsins 18.02.1989 kemur fram að ástæða þess að Hverfisgatan hafi aldrei orðið jafn mikil verslunargata og Laugavegurinn megi meðal annars rekja til þess “*að þegar á árinu 1931 var sett einstefna á Hverfisgötuna í austurátt jafnframt því sem Laugavegur fékk einstefnu í vesturátt þá hafi kaupmönnum þótt betra að næla í viðskiptavinum sem voru á leið niður í bæinn en út úr honum og hafi þeir því tekið Laugavegin fram yfir Hverfisgötuna sem verslunargötu*“.




Reykjavík 1876 þar sem greina má Lækinn, Dómkirjuna, Menntaskólann í Reykjavík og Tukhúsið (Stjórnarráðið). Skuggahverfið er með dreifðum torfbýlum austan við lækinn.



Skuggahverfið 1876, mest dreifðir torfbærir.




Skuggahverfið og næsta nágrenni 1902.



Skuggahverfið 1920. Hverfisgatan nær að Kalkofsvegi frá árinu 1906, Ingólfsstræti þverar nú Arnarhól og Lindargatan endar á Smiðjustíg.



Skuggahverfið 1932. Lindargata nær nú að Ingólfsstræti, Safnhúsið og Þjóðleikhúsið hafa risið við Hverfisgötu.



Staðsetning Gamla Skuggahverfisins í Reykjavík annars vegar milli Skúlagötu og Hverfisgötu að Laugavegi og hins vegar milli Ingólfsstrætis/Kalkofnsvegar og Vitastígs/Barónsstígs. Hverfisgata 55 er staðsett milli Vatnsstígs og Frakkastígs (Húsverndarskrá 2000: Byggingasaga-Hluti Skuggahverfis).

Á uppvaxtarárum mínum var Hverfisgata 55 að mínu mati miðja Reykjavíkur. Byggðin í umhverfi hússins var blanda íbúðarhúsa af ýmsum toga auk húsnæðis fyrir iðnað, verslun, kennslu, menningu og stjórnsýslu. Um 1930 þótti þetta svæði þó allfjarri miðbæ Reykjavíkur ef marka má ummæli eins af bankastjórum bæjarins er Marteinn Einarsson stórkaupmaður hugðist reisa verslunarhúsnæði við Laugaveg 31, á horni Laugavegs og Vatnsstígs: “að hann hefði ekki hug á að lána til bygginga verslunarhúsnæðis uppi í sveit“.

Laugavegurinn varð þó engu að síður ein af helstu verslunargötum bæjarins og auk áður nefndrar verslunar Marteins voru þar í mínum uppvexti meðal annars verslun Guðsteins Eyjólfssonar við Laugaveg 34, Efnalaug Reykjavíkur á baklóð Laugavegs 34, Bakarí Sandholt (frá 1926) við Laugaveg 36, kjötverslun SS við Laugaveg 42, matvöruverslun Silla og Valda við Laugaveg 43, verslun Andersen Lauth við Laugaveg 39, verslunin Brynja við Laugaveg 29

með gler- og speglagerð á baklóð Brynju, verslunin Fálkinn við Laugaveg 24, verslunin Olympía á Laugavegi 26 og á sama stað Húsgagnahöllin eftir 1964.

Verslanir við Hverfisgötu voru mun færri en meðal þeirra má nefna verslun Halla Þórarins (Hverfisgata 39), Hjá Báru og Hverfiskjötbúðin að Hverfisgötu 50, KRON Hverfisgötu 52, Timburverslun Árna Jónssonar og síðar Regnboginn Hverfisgötu 54, Lúllabúð (Hverfisgata 61), Café Flórída (Hverfisgata 69), Rangá (Hverfisgata 71) og Varmá (Hverfisgata 84).

Í næsta umhverfi Hverfisgötu 55 voru Þjóðleikhúsið, Landsbókasafnið, ýmis stjórnarráð í Arnarhvoli, sendiráð Dana og Norðmanna auk þess sem Lindargötuskólinn, Austurbæjarskólinn, Iðnskólinn, Miðbæjarskólinn, Menntaskólinn í Reykjavík og Gagnfræðaskólinn við Vonarstræti voru innan seilingar og Kvennaskólinn, Kennaraskólinn og Háskóli Íslands í göngufæri. Sex kvikmyndahús, Gamlabíó, Nýja Bíó, Tjarnarbíó, Stjörubíó, Hafnarbíó, Austurbæjarbíó voru nærri og í göngufæri Trípólíbíó og Tónabíó. Stutt var í skemmtistaði á Hótel Borg, Silfurtunglinu, Sjálfstæðishúsinu og innan seilingar Saga og síðar Broadway. Á svæðinu voru sælgætisgerðir Freyja á Lindargötu 14 og Víkingur á Vatnsstíg 11 og auk þess var Ölgerð Egils Skallagrímssonar staðsett við Frakkastíg og Njálsgötu.

Höfnin var skammt undan þar sem uppskipun var fyrir skip Eimskips og Ríkisskipa auk þess sem togarar lönduðu þar sínum afla og Sænska frystihúsið (1930-1967, rifið 1981) stóð þá á þeirri lóð þar sem Seðlabankinn stendur frá árinu 1987. Skúlagatan var aðalbrautin frá Höfninni meðfram ströndinni og einu byggingarnar norðan Skúlagötu voru þá olíustöð BP á Klöpp með tilheyrandi tönkum og skúrum sem ekki þótti nein þýði af og hafa því verið rifin um miðja síðustu öld en lágreist bensínstöð og bílapvottastöð reist þar í staðinn. Ég minnst þess að hafa staðið í biðröð eftir vinnu við höfnina, unnið við uppskipun saltfisks úr togurum og síðar sem messagutti á skipum Eimskips m.a. á Gullfossi í tíð Kristjáns skipstjóra og Vigfúsar Helga Gíslasonar bryta á öðrum fossi Eimskips.

Hverfisgata 55, frumbyggjar

Samkvæmt heimildum Borgarskjalasafns var húsið að Hverfisgötu 55 reist 1903 af Þorleifi Jónssyni og Sigurði Guðlaugssyni sem lítið og lágt timburhús. Það er síðan selt Einari Sigurðssyni 1905 sem selur það til Ögmundar Sigurðssonar 1908 sem selur það móðurömmu minni Helgu Ketilsdóttur á árinu 1912, en Helga var þá 50 ára gömul ekkja eftir Brynjólf prest á Stað í Grindavík.



Helga á yngri árum ásamt eiginmanni og þremur börnum.

Á árinu 1915 stækkaði Helga húsið til austurs og lét setja inngönguskúr á austurgaflinn, og á árinu 1919 lét hún hækka húsið og setja á það kvisti, tvo á norðurhlið og þrjá á suðurhlið. Húsið var þá að mestu komið í þá mynd sem sést á hjálagðri teikningu, tvílyft hús með kvistum á efri hæð, steinsteyptum kjallara, 90 fermetrar að grunnfleti og heildarflatarmál 256 fm.



Teikningar af framhlið Hverfisgötu 55 um 1912 og eftir breytingar Helgu 1915-1919.

Á mínum uppvaxtarárum stóð það gegnt timburverslun Árna Jónssonar þar sem Bíó Paradís stendur 2020. Helga Ketilsdóttir bjó alla sína tíð í húsinu ásamt börnum sínum Halldóru og Gunnari. Eftir fráfall Gunnars var eignarhluti fjölskyldu Gunnars seldur utanaðkomandi aðilum en færðist síðar aftur að hluta í eigu fjölskyldu minnar. Á árinu 2003, þegar kaup fjölskyldunnar á öllu húsinu voru í burðarliðnum, kom utanaðkomandi fjárfestir inn í myndina.

Á uppvaxtarárum mínum (eftir 1943) var íbúðarhúsnæði þrengra en tíðkast í dag. Í brunavirðingu dags. 17.05.1950 er húsinu svo lýst. “Á efri hæð Hverfisgötu 55 eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, stigahús, innri forstofa. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og innri forstofa. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 anddyri, 2 innri forstofur, þvottahús og 3 geymslur.“ Þá bjuggu á efri hæð hússins dætur Halldóru Brynjólfsdóttur og á neðri hæð Gunnar Brynjólfsson ásamt fjölskyldu.

Á efri hæðinni voru tvær íbúðir báðar með inngangi af sameiginlegum stigagangi og þar bjuggu dætur Halldóru Brynjólfsdóttur. Íbúðin í vesturenda var minni en þar bjó Vilborg móðursystir mín og hafði til umráða stofu og svefnherbergi en gengið var inn í bæði herbergin úr lítilli forstofu með eldhúsi. Stærri íbúðin var með tvískiptri stofu í austurenda, svefnherbergi fyrir miðju húsi sem að hluta var undir súð og var gengið inn í það úr litlu eldhúsi. Þar bjó móðir mín með eiginmanni sínum Sigurði Sigurssyni (1923-2005) verslunarmanni og fjórum börnum *Kristjáni* síðar læknir (f. 1943), *Brynjólfi* síðar kokkur, símvirki og sjómaður (f. 1950), *Halldóru* síðar verslunarkona og sjúkraliði (f. 1956) og *Sigurður Þór* (f. 1962) sem síðar snéri sér að verslunarrekstri eftir BA nám í sálfræði.

Við systkinin fæddumst með 6 ára millibili og fluttum við tveir elstu bræðurnir í herbergi í kjallara hússins þegar foreldrum okkar þótti að við hefðum náð ásættanlegum aldri. Mjög góð vinátta og samvinna var milli systranna og var Vilborg móðursystir okkur börnunum sem önnur kær móðir. Nánari upplýsingar um systkini mín er m.a. að finna á *bls. 17 (liður b.3.2) í Skuggahverfi I og í lýsingu á Hverfisgötu 49, 61, 63 og Frakkastíg 5 í Skuggahverfi II.*

Neðri hæð hússins var einnig skipt í tvær íbúðir sem voru af svipaðri stærð og íbúðirnar á efri hæð. Stærri íbúðin var í austurhlutanum með tvo innganga, aðalinngang úr suðri og bakinnangang úr norðri, en þar bjó sonur Helgu Ketilsdóttur *Gunnar Brynjólfsson* með konu sinni *Ingibjörgu Ágústu* og þremur börnum (Helgu, Brynjólfi og Margréti). Minni íbúðin á neðri hæðinni var með inngangi úr norðri en þar bjuggu um tíma á mínum uppvaxtarárum tvö af börnum þeirra hjóna (fyrst Helga og síðar Brynjólfur) ásamt fjölskyldum en á öðrum tíma var íbúðin mest í útleigu.

Í kjallara hússins var lítil íbúð í vesturenda með sér inngangi sem tilheyrði neðri aðalhæðinni og var að mestu nýtt til útleigu. Í austurenda kjallara, með sérinngangi, voru tvö íbúðarherbergi (annað stærra með forstofu), þvottahús, tvær geymslur og gangur og tilheyrðu íbúðarherbergin efri aðalhæð hússins. Eins og fyrr er getið bjó ég á unglingsárum í minna kjallaraherberginu en í því stærra bjó af og til Bárður Jakobsson lögfræðingur síðar eiginmaður Vilborgar móðursystur minnar.

Hverfisgata 55 skemmdist mikið í stórbruna 1995 og var þá efri hæðin endurbyggð sem ein íbúð fyrir foreldra mína. Minni íbúðin í vesturhluta neðri hæðar var þá sameinuð kjallaraíbúð með hringstiga en bróðir minn Sigurður Þór hafði á þeim tíma eignast þessar tvær íbúðir en austari hluti neðri hæðarinnar var þá í eigu utanaðkomandi aðila.

Foreldrar mínir og bróðir hugðust búa áfram í þessu nýuppgerða húsi en þau áform breyttust í kjölfar endurskipulagsáforma gamla R-listans á þessum hluta miðbæjarins, áform sem vöktu áhuga fjárfesta sem nýttu ýmsar óhefðbundnar aðferðir við uppkaup á svæðinu. Á árinu 2005 höfðu fjárfestar keypt nær allar fasteignir á svæðinu og þar á meðal austari hluta neðri hæðar hússins og því ljóst að ekki væri annað í stöðunni en selja. Faðir minn lést skömmu fyrir

rýmingu hússins en móðir mín flutti í nýbyggt fjölbýlishús að Lindargötu 33 þar sem hún naut hluta gamla útsýnisins af Hverfisgötu 55 allt þar til hún lést 2012.

Kaupandi Hverfisgötu 55 var fyrirtækið Stafna á Milli ehf, með háleitar hugmyndir um uppbyggingu stúdentabúða milli Vatnsstígs og Frakkastígs í samráði við Reykjavíkurborg að sögn eigenda fyrirtækisins. Fasteignir á þessu svæði lentu þó fljótlega í eigu Samsons Properties ehf sem var í eigu Björgúlfsfeðga og fyrirtækjanna Rauðsvík / Vatn og land ehf en þau síðastnefndu voru í eigu Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala. Þessir aðilar höfðu einnig háleitar hugmyndir um uppbyggingu listaháskóla og stúdentagarða á þessu og nærliggjandi svæði allt upp að Laugavegi (Fréttablaðið 17.08.2007, bls. 36), hugmyndir sem urðu að engu í bankahruninu 2007.



Mynd af Hverfisgötu 55 eftir breytingar Helgu Ketilsdóttur, ártal myndar 1930-40.



Framhlið og bakhlið hússins að Hverfisgötu 55 eftir endurbyggingu 1995.

Helga Ketilsdóttir

Helgu Ketilsdóttur (1861-1942) ættmóður íbúa á Hverfisgötu 55 er lýst svo í minningargrein í Mbl. 17.02.1942 (Kristinn Daníelsson): *“Hún var hjálpargóð og hjálpfús, en þó meiri skörungur, hafði í ríkum mæli tekið að erfðum bestu kosti ættar sinnar, skapfestu, ráðdeild og atorku samfara valmennskunni. Frú Helga var í stærra lagi kona á vöxt en að öllu kvenleg og fyrirmannleg í framgöngu og svip svo að þegar var hverjum manni sýnt að þar fór heldri kona og mundi þykja hún fríð.”*



Helga Ketilsdóttir 70 ára og 80 ára.

Ætt og æskustöðvar Helgu Ketilsdóttur

Helga var fædd í Kotvogi, Hafnahreppi Gullbringusýslu, dóttir **Ketils Ketilssonar (mið-Ketill) (1823-1902)**, stórbóndi, formaður, sjósóknari og Danneborgsmaður (Dbrm), frá Kotvogi Gull., og Vilborgar Eiríksdóttur (1834-1908), húsfreyja og ljósmóðir, frá Litlalandi í Ölfusi Árn., í föðurætt og Vindási, Landsveit í móðurætt. Vilborg átti 7 alsystkini og 8 samfeðra hálsystkini. Mið-Ketill átti fjóra albræður: Jón (1820); Jón (1821); Jón (1824-?) og Ásgrímur (1825-1826) og hálsystur samfeðra Ingigerði (1832-1918). Mið-Ketill og Vilborg áttu 6 börn sem er nánar getið síðar (Systkini Helgu Ketilsdóttur, bls. 14).

Mið-Ketill var sonur **Ketils Jónssonar (elsti-Ketill) (1793-1869)** bóndi í Kirkjuvogi og síðar í Kotvogi og fyrri konu hans Vigdísar Jónsdóttur (1819-1830) frá Stóru-Vogum Kálfatjarnarsókn Gull en hún átti 4 systkini (eitt þeirra dó á fyrsta aldursári). Elsti-Ketill átti fjóra albræður og eina hálsystur sammæðra.

Elsti-Ketill og Vigdís áttu 5 syni og náðu tveir fullorðinsaldri (Mið-Ketill og Jón Ketilsson (1824-?). Seinni kona Ketils Jónssonar (frá 1831) var Anna Jónsdóttir (1789-1859) fædd í Njarðvíkursókn, Gull. og eignuðust þau eina dóttur Ingigerði Ketilsdóttur (1832-1918) síðar húsfreyja í Kirkjuvogi. Anna hafði áður átt tvo eiginmenn þá Hákon Vilhjálmsson (1753-1821) og eftir andlát hans Halldór Gunnarsson bónda og hreppsstjóra í Kirkjuvogi (1796-1830) og átti 5 börn með sitt hvorum. Mikill aldursmunur var milli Önnu og Hákonar (36 ár) og er sagt að Hákon hafi þurft leyfi Jörundar hundadagakonungs til að kvænast Önnu þar sem fyrri kona var enn á lífi en sjúk er hann kvæntist Önnu 1809. Einn sona þeirra Vilhjálmur Kristinn Hákonarson

(1812-1871) er forfaðir Steinunnar Oddsdóttur (1876-1957) konu Ólafs Ketilssonar (1864-1947) sem var bróðir Helgu Ketilsdóttur. Anna tengist á fleiri vegu inn í ætt Helgu þar sem einn sona Önnu og Halldórs var Gunnar Halldórsson (1824-1876) faðir séra Brynjólfs Gunnarssonar (1850-1910) eiginmanns Helgu Ketilsdóttur. *Sambandi Önnu og Hákonar er nánar lýst á timarit.is: Fálkinn, 37. árgangur 1964, 25. Tölublað, Blaðsíða 15.*

Finnur Jónsson fræðimaður frá Kjöreyri lýsir þeim feðgum mið- og elsta-Katli svo: “að mikið hafi kveðið af Katli Jónssyni bæði í sjón og við kynningu, þótt hann hafi ekki verið eins stór og tilkomumikill og Ketill sonur hans, sem var tilkomumesti maður sem ég hef séð og kynnst á ævinni“ (Heimild: Litla Skinnið eftir séra Jón Thorarensen). *Sem dæmi um rausn og höfðingslund Mið-Ketils er sagt að hann hafi byggt Hvalsneskirkju, sem enn stendur, fyrir eigið fé úr höggnu grjóti á eignarjörð sinni* (Heimild: timarit.is.Morgunblaðið, 22.08.1971, 100 ára minning: Hildur Jónsdóttir f. Thorarensen).

Ketill Ketilsson (yngsti-Ketill) (1860-1921) bróðir Helgu og elsti sonur mið-Ketils tók við af föður sínum sem húsbóndi í Kotvogi.



Kotvogur í Höfnum, til hægri er mynd frá Margréti Vilhjálmsdóttur bróðurdóttur Helgu.



Ketill Ketilsson (mið Ketill) og Vilborg Eiríksdóttir ábúendur að Kotvogi í Höfnum.

Systkini Helgu Ketilsdóttur

Börn Ketils Ketilssonar (mið-Ketils) (1823-1902) og Vilborgar Eiríksdóttur (1834-1908) voru: (a) *Ketil Ketilsson (1860-1921)* útvegsbóndi í Kotvogi, Hafnahr., Gull.; (b) *Helga Ketilsdóttir (1861-1942)* prestmatamma á Stað; (c) *Eiríkur Ketilsson (1862-1898)* bóndi og hreppsstjóri á Járngerðarstöðum, Grindavík; (d) *Ólafur Ketilsson (1864-1947)* hreppsstjóri, bóndi og útgerðarmaður á Kalmannstjörn, Hafnahr.; (e) *Vigdís Ketilsdóttir (1868-1966)* húsfreyja að Grettisgötu 26; (f) *Vilhjálmm Kristinn Ketilsson (1871-1959)* bóndi og kennari í Kirkjuvogi, Hafnahr., síðar málari að Laugavegi 53.



Börn Ketils Ketilssonar (mið-Ketils) og Vilborgar Eiríksdóttur.

(a) Ketill Ketilsson (1860-1921) (yngsti-Ketill) útvegsbóndi í Kotvogi kvæntur Hildi Jónsdóttir Thorarensen (1871-1960) frá Stórholti í Dölum og áttu 3 fósturbörn eins og lýst er hér á eftir.

(a.1) Jón Thorarensen (1902-1986) síðar prestur í Reykjavík. Faðir hans var Bjarni Jóns bóndi í Stórholti (bróðir Hildar) síðar bæjarfótgetaritari í Reykjavík en hann var sonur sr. Jóns í Stórholti. Móðir sr. Jóns Thorarensen var Elín Thorarensen afkomandi sr. Jóns Péturssonar í Steinnesi. Jón Thorarensen var á fimmta aldursári er hann kom til hjónanna í Kotvogi.

(a.2) Lára Boghildur Bogadóttir Thorarensen (1913-1984), dóttir Boga búfræðings og bónda í Hvammsdal (bróðir Hildar). Lára var á fyrsta aldursári þegar hún kom til hjónanna í Kotvogi.

(a.3) Ástríður Þórarinsdóttir (1908-1983), frænka Ketils og fædd í Kotvogi. Hún var dóttir Ingigerðar Jónsdóttur (1864-1920) sem var dóttir Jóns Ketilssonar (1824) bróður Ketils Ketilssonar (Mið-Ketils).

Eftir andlát Ketils fósturaði Hildur þrjú önnur börn *Fanneyju Gunnlausdóttur, Rögnu Bjarnadóttur* og *Björn Helgason* sem var sonur Láru Thorarensen. Hildur tók við bústjórn í Kotvogi eftir andlát Ketils 1921 og bjó þar til 1936 en bærinn brann til grunna 1939. Katli, Hildi og Kotvogi er vel lýst í bók séra Jóns Thorarensen "Litla Skinnið, Nesjaútgáfan 1982, Prentsmiðjan Oddi hf. og Hildi í minningargrein í Mbl. 25.03.1960, bls. 14.



Ketill Ketilsson (yngsti Ketill) og Hildur Jónsdóttir Thorarensen.



Heimilisfólkið í Kotvogi 1912. Ketill Ketilsson yngri (1860-1921), Hildur Thorarensen (1871-1960) og vinnufólk. Myndin er úr bókinni „Litla Skinnið“ eftir séra Jón Thorarensen frá Kotvogi.

(b) Helga Ketilsdóttir (1861-1942) húsmóðir á Stað í Grindavík, síðar ættmóðir á Hverfisgötu 55, Reykjavík, gift Brynjólfi Gunnarssyni (1850-1910) prest í Stað í Grindavík (1894-1910) og áttu 5 börn auk þess sem þau ólu upp fjögur vandalaus börn sem sín eigin og fleiri ungmenni dvöldu á heimili þeirra um lengri eða skemmri tíma. Börn þeirra voru:

(b.1) Gunnarína dó á fyrsta aldursári.

(b.2) Vilborg (1882-1909) dó eftir sjúkdómslegu 27 ára gömul þá gift Júlíusi Kristni Einarssyni (1874-1948), hreppsstjóri í Garðhúsum, síðar verslunarmaður í Keflavík, barnlaus.

(b.3) Halldóra (1883-1939) gift Kristjáni Jónassyni (1875-1941), naturvörður og lögregluþjónn, og áttu tvær dætur:

(b.3.1) Vilborg Ragnheiður (1915-1967) skrifari, gift Bárði Jónasi Jakobssyni (1913-1984) lögfræðingi, barnlaus.

(b.3.2) Brynja Helga Kristjánsdóttir (1923-2012) húsfreyja, gift Sigurði Sigurðssyni (1922-2005) sölumaður og áttu 4 börn:

- *Kristján (1943)* læknir, kvæntur Sigrúnu Ósk Ingadóttur (1945), eiga eina dóttur Vilborgu Ragnheiði (1973) gift Aðalsteini Gunnlaugssyni (1973) lækni og eiga 3 dætur (Emilía, 1997; Sigrún Helena, 2003; Rósa Birgitta, 2005).

- *Brynjólfur (1950)* sjómaður, kvæntur Bellu Hrönn Pétursdóttur (1951), eiga 3 syni, Brynjar Helgi (1972) sem á einn son (Davíð Pétur, 2001) með fv eiginkonu Tuende Suemegi (1977); Rúnar (1982) fv. eiginkona Rafaela Moreira Santos (1986); Sigurður (1990).

- *Halldóra (1956)* sjúkraliði, fv. maki Kjartan Valdimarsson (1955), eiga 2 börn, Valdimar Ásbjörn (1978) sem á eina dóttur (Kamilla, 2006) með fv. eiginkonu Stine Munk Rasmussen (1976) og Brynja Helga (1982) sem á 3 börn með Halldóri Búra Hallgrímssyni (1982) (Halldóra Ninja, 2006; Kjartan Nóel Lótus, 2014; Myrra Náttúra, 2019). Sambýlismaður Halldóru frá 1992 er Viðar Gunnarsson bókasafnsfræðingur (1960).

- *Sigurður Þór Sigurðsson (1962)* verslunarmaður, ógiftur og barnlaus.

(b.4) Gunnar (1885-1964) kvæntur Ingibjörgu Ágústu Einarsdóttur (1893-1959) frá Hrólfskála Seltjarnarnes, áttu 3 börn:

(b.4.1) Helga (1915-1965) gift Kristni Hallgeiri Árnasyni (1916-1994), áttu fjögur börn: Gunnar (1939-2013), kvæntur Valgerði Andersen (1944-2013) barnlaus; Helga (1941) á 2 syni; Árni (1947-2001) barnlaus; og Brynjólfur (1951-2005) barnlaus;

(b.4.2) Brynjólfur (1917-1949) kvæntur Oddrúnu Sigríði Halldórsdóttur (1923-2017), áttu 3 börn: Ingibjörg (1943) gift í Bandaríkjunum, á 4 börn; Sigríður (1944) á 3 syni með Stefáni Ólafi Kárasyni (1945); Gunnar (1947-2018) verslunarmaður kvæntur Hrafnhildi Gunnarsdóttur (1948) og áttu einn son. Oddrún Sigríður eignaðist síðar Guðbjörgu Brynju (1957) með Guðmundi S. Sigfússyni (1923-1990).

(b.4.3) Margrét (1923-1981) gift Jóni Guðbjarti Ólafssyni (1918-1962) endurskoðanda, áttu 3 börn: Ingibjörg (1948) sem á 3 börn með Eiríki Ormi Víglundssyni (1950); Kristín (1951) sem á einn son með Pétri Bjarna Magnússyni (1955); Ólafur Guðbjartur (1956-1975), barnlaus.



Helga Ketilsdóttir og Brynjólfur Gunnarsson prestur á Stað í Grindavík.



Prestshjónin á Stað í Grindavík með börn sín Halldóru, Vilborgu og Gunnar.

(c) Eiríkur Ketilsson (1862-1898) hreppsstjóri á Járngerðarstöðum, Grindavík, átti fjórar dætur með Jóhönnu Einarsdóttur (1867-1958):

(c.1) Guðrún Eiríksdóttir (1888-1973) ógift, veitingakona, átti með Óskari Georg Halldórssyni (1893-1953) einn son:

(c.1.1) Eirík Ketilsson (1924-1999) kaupmaður, átti soninn Ásgeir Hannes (1947-2015) síðar alþingismaður með Sigríði Ásgeirsdóttur (1927-2007) og dæturnar Guðrúnu Birnu (1958) og Dagmar Jóhönnu (1961) með Hólmsfríði Mekkinósdóttur (1923-1997).

(c.2) Vilborg Eiríksdóttir (1891-1891)

(c.3) Járngerður Eiríksdóttir (1893-1978) gift Ólafi Ólafssyni (1899-1973) frá Kirkjuvogi, yfirlækni á Sólvangi, sem var föðurbróðir Kristjönu P. Helgadóttur (1921-1984) lækni (afkomandi Önnu Jónsdóttur og annars eiginmanns hennar Halldórs Gunnarssonar í föðurætt), áttu kjördóttur:

(c.3.1) Katla Ólafsdóttir (1929).

(c.4) Vilborg Eiríksdóttir (1895-1940), Laugaveg 47 Reykjavík, ógift og barnlaus;

(c.5) Eiríka Jóhanna Theodóra (1898-1981) ljósmyndari Laugavegi 47, síðar að Barmahlíð 1, eiginmaður Ólafur Haraldur Albertsson (1897-1955), barnlaus.



Eiríkur Ketilsson (1862-1898) og Jóhanna Einarsdóttir, eiginkona Eiríks.



Guðrún Eiríksdóttir og Vilborg Eiríksdóttir.



Járngerður Eiríksdóttir og Eiríka Eiríksdóttir.

(d) Ólafur Ketilsson (1864-1947) hreppsstjóri og útgerðarmaður á Kalmannstjörn, átti 5 börn með Steinunni Oddsdóttur (1876-1957) prestsdóttur frá Stað í Grindavík (afkomandi Önnu Jónsdóttur og fyrsta eiginmanns hennar Hákonar Vilhjálmssonar):

(d.1) Sigurður Helgi Ólafsson (1892-1975) kaupmaður í Reykjavík átti 5 börn með Jónínu Guðmundsdóttur (1896-1985) en hún var systir Elínar eiginkonu Ketils bróður hans:

(d.1.1) Kristín (1923-1973) átti eina dóttur með erlendum manni og tvo syni með Guðmundi Hafsteini Sigurjóni Guðjónssyni (1914-1975): Jóna Steinunn Patricia Conway (1941-2011, 4 börn); Steinar (1947-2007, 1 barn); Sigurður (1950, 2 börn).

(d.1.2) Ólafur Ketill (1926-1980), ógiftur og barnlaus.

(d.1.3) Guðmundur (1929-1990) átti 3 syni með Kristjönu Gunnarsdóttur (1938- 2003): Örn Leó (1956, 3 börn); Guðmundur Leó (1959, 4 börn); Geir Leó (1968, 2 börn).

(d.1.4) Steinunn (1931-1943), barnlaus

(d.1.5) Vilhjálmur Kristinn (1933-2009), ógiftur og barnlaus.

(d.2) Anna Ólafsdóttir (1897-1926) dó ung úr berklum. Hún átti tvö börn með Óskari Sæmundssyni (1899-1962).

(d.2.1) Steinunn (1921-2001) (Stella) ólst upp hjá Evu móðursystur sinni og flutti síðar til Bandaríkjanna (Tampa) og eignaðist tvo syni með Van V. Haight (1910-1989) þá David Odd (1957) og Daniel Óla (1966).

(d.2.2) Óskar (1924-1992) strætisvagnabílstjóri, ólst upp hjá föður sínum Óskari, eignaðist tvær dætur með fyrri konu sinni Ágústu Guðnadóttur (1927-1980) og 3 syni með Margréti Ásgeirsdóttur (1929-2000): Anna (1945-1949), Steinunn Anna (1950, 2 börn); Ásgeir (1953, 2 börn); Óskar Örn (1955, 1 barn); Þröstur (1963, 2 börn).

(d.3) Eva Ólafsdóttir (1899-1994) var ógift, bjó í foreldrahúsum og var stoð og stytta foreldra sinna. Hún ól upp systurdóttur sína Stellu (dóttur Önnu Ólafsdóttur) en auk þess tvö önnur óskyld börn Evu Magnúsdóttur og Hauk Bergsson sem var sonur ungrar vinnukonu á Kalmannstjörn sem dó ung úr berklum. Við andlát föður hennar Ólafs Ketilssonar flutti Eva ásamt móður sinni til Reykjarlundar í Mosfellssveit og tók þar virkan þátt í uppeldi barna bóður síns Odds lækni og frú Ragnheiðar eiginkonu hans.

(d.4) Ketill Ólafsson (1900-1993) var kvæntur Elínu Guðmundsdóttur (1904- og ólu upp tvö fósturbörn alsystkinin Baldur og Kristínu (Lúlla) Nikulásarbörn. Eiginkonu er getið í Víkingslækjarætt III en fósturbarna er ekki getið í Íslendingabók.

(d.5) Oddur Vigfús Gíslason Ólafsson (1909-1990) alþingismaður og læknir á Reykjalundi Mosfellsbæ, átti 6 börn með Ragnheiði Jóhannesdóttur (1911-1996):

(d.5.1) Vífill (1937) byggingaverkfræðingur á 3 börn með Katrínu Gústafsdóttur (1938): Oddur Vigfús (1962); Gústaf (1963, 4 börn); Halldóra (1968, 2 börn).


(d.5.2) Ketill (1941) flugvirki og flugvélstjóri, á dóttur (Ragnheiði) með Matthildi Jóhannsdóttur (1942) og 5 börn með Hlín Árnadóttur (1945): Ragnheiður (1959, 3 börn); Ólafur (1966, 3 börn); Auður (1968, 2 börn); Steinunn (1977); Ketill Árni (1979, 2 börn); Hildur (1981).

(d.5.3) Þengill (1944) læknir, á dóttur (Svanhildi) með Kristínu Sigríði Ásgeirsdóttur (1944) og 3 dætur með Steinunni Guðmundsdóttur (1944): Svanhildur (1964, 2 börn); Eva (1966, 3 börn); Hrefna (1972, 3 börn); Ragnheiður (1974, 3 börn).

(d.5.4) Ólafur Hergill (1946) læknir, eignaðist 5 börn með Kristínu Sigfúsdóttur (1949): Oddur (1949, 2 börn), tvíbura stúlkur andvana fæddar (1973); Sigfús (1974, 3 börn); Lýður (1976, 6 börn).

(d.5.5) Guðríður Steinunn (1948) meinataeknir, á einn son með Þorsteini Broddasyni (1948-2009): Oddur Broddi (1984, barnlaus).

(d.5.6) Jóhannes Vandill (1956-2022) verktaki, á tvær dætur með Þóru Arnheiði Sigmundsdóttir (1954): Ragnheiður (1975, 2 börn); Hrafnhildur (1982, 2 börn).



Ólafur Ketilsson, hreppsstjóri Kalmannshjörn og kona hans Steinunn Oddsdóttir.



Ólafur Ketilsson, Steinunn Oddsdóttir og börnin Sigurður, Eva, Anna og Ketill og til hægri Oddur Ólafsson, síðar læknir og alþingismaður.

(e) Vigdís Ketilsdóttir (1868-1966) bjó á Vatnsstíg 4 og síðar á Grettisgötu 26 Reykjavík, átti 6 börn með Ólafi Ásbjarnarsyni (1863-1943) heildsala:

(e.1) Gunnar Ólafsson (1891-1988) trésmiður og bifreiðastjóri Vatnsstíg 4 og Frakkastíg 6A Reykjavík, átti dótturina Huldu, með Guðbjörgu Kristófersdóttur Christensen (1892-1955) og 5 börn með Ragnheiði Bogadóttur (1901-1985):

(e.1.1) Hulda Dagmar (1912-2000), ógift og barnlaus.

(e.1.2) Jóhanna (1921-1985), átti soninn Gunnar (1963-2017) með Gunnari Guðmundssyni (1920-1990). Gunnar yngri átti 2 syni með erlendri konu.

(e.1.3) Ingibjörg (1925-1999) átti 5 börn með Birni Rósenkranz Einarssyni (1923-2014) tónlistarmanni: Gunnar (1944) prestur, á 2 börn; Björn (1948), á 4 börn; Ragnar (1949-2004) búfræðingur, átti 3 syni; Ragnheiður (1952), á 2 börn; Oddur (1959), á 3 börn.

(e.1.4) Ragnheiður (1933) á 3 dætur með Braga Hannessyni (1932): Ragnheiður (1956), á 2 börn; Ásdís (1958), á 2 börn; Bryndís (1968), á 2 börn.

(e.1.5) Elísabet (1934-2000), á 3 börn með Júlíusi Petersen Guðjónssyni (1934): Gunnar (1958), á 3 börn; Katrín Hulda (1959), á 2 börn; Ragna (1972), á 6 börn.

(e.1.6) Ólafur (1948) rithöfundur, á 4 syni með Elnu Benjamínsdóttur (1949): Gunnar (1970), á 3 börn; Kjartan (1975); Pétur (1986); Kolbeinn (1989).

(e.2) Ingveldur Ólafsdóttir (1894-1990), *Laugavegi 40a Reykjavík*, gift Stefáni Ólafssyni (1897-1971) framkvæmdastjóra, áttu eina dóttur:

(e.2.1) Auður (1923-2011) bankastarfsmaður, átti tvö börn með Helga Trausta Hjartarsyni iðnrekanda: Inga (1947), á 2 börn; Stefán Ólafur (1951), á 3 börn.

(e.3) Halldóra Ólafsdóttir (1895-1982), *Grettisgötu 26, Reykjavík*, átti 3 börn og einn kjörson með Alexander Jóhannessyni (1884-1974) skipsstjóra:

(e.3.1) Óli Viggó (1918-1919),

(e.3.2) Ólafur (1919-2010) flugvirki, átti soninn Ólaf (1948, á 3 börn) með Málfríði Ólafsdóttur (1921-1997) og soninn Harald Viggó (1956), barnlaus og ógiftur, með eiginkonu sinni Esther Helgu Jensen Haraldsdóttur (1923-2000).

(e.3.3) Bergljót Edda (1927-2009) hjúkrunarfræðingur, ógift og barnlaus

(e.3.4) Guðmund Kristjánsson (1944) kjörsonur, sonur systurdóttur Alexanders.

(e.4) Unnur Ólafsdóttir (1897-1983) listakona, *Hverfisgata 84 og síðar Dyngjuvegur 4, Reykjavík*, gift Óla Magnúsi Ísakssyni (1898-1995), barnlaus. Óli var þremmingur við Helgu Ketilsdóttur.

(e.5) Ásbjörn Ólafsson (1903-1877) stórkaupmaður, átti 2 dætur með Gunnlaugu Jóhannsdóttur (1913-1991), en bjó síðar um langt skeið með Dagbjörtu Eyjólfsdóttur (Dæja):

(e.5.1) Ólafía (1935-2009) (Lollý), átti 5 börn með Birni Guðmundssyni (1937-1996): Ásbjörn (1957, 2 börn); Ásta Friðika (1962, 2 börn); Guðmundur Karl (1966, 1 barn); Gunnlaugur Björn (1969, 3 börn); Ólafur Björgvin (1971, 4 börn)

(e.5.2) Unnur Gréta (1937-1984) (Lamba), átti einn son með Hilmarí Sigurðssyni (1928-2012): Ólafur Ásbjarnarson Hilmarsson (1959, ógiftur og barnlaus).

(e.6) Vilborg (Líva) (1906-1998) átti tvö börn með Hólmjárn Jósefssyni Hólmjárn (1891-1972):

(e.6.1) Hervöru Hólmjárn (1933-2014) átti 3 börn með Vigfúsi Helga Gíslasyni (1914-2001) bryta: Hrund (1957-2011), 2 börn (það fyrra með Bjarna Þórðarsyni (1956) sem er sonarsonur Einars Ágústssonar kenndur við Sindra Hverfisgötu 42); Hildur (1961, barnlaus); Hörður Helgi (1969, 1 barn).

(e.6.2) Örn Hólmjárn (1944) á 2 börn með Þórunni Héðinsdóttur (1944): Vilborg Hólmjárn (1969, barnlaus); Héðinn Hólmjárn (1972, barnlaus).



Vigdís Ketilsdóttir (1868-1966) til vinstri. Unnur Ólafsdóttir veflistakona dóttir Vigdísar Ketilsdóttur og Hulda Gunnarsdóttir sonardóttir Vigdísar til hægri.



Börn Vigdísar. Fremri röð Halldóra, Gunnar, Ingvaldur. Aftari röð Vilborg, Unnur, Ásbjörn.

(f) Vilhjálmur Kristinn Ketilsson (1871-1959) útvegsbóndi og kennari Kirkjuvogi í Höfnum, síðar málari á *Laugavegi 53 Reykjavík*, átti tvo syni og tvær dætur með Valgerði Jóakimsdóttur (1886-1957):

(f.1) Drengur Vilhjálmsson (1911) andvana fæddur.

(f.2) Vilborg Vilhjálmisdóttir (1912-2006) gift Ingólfi Þorsteinssyni (1910-1998) skrifstofustjóra Gjaldeyrisdeildar bankanna. Þorsteinn faðir Ingólfs var skrifari og bjó með fjölskyldu sinni að Hverfisgötu 58A. Vilborg og Ingólfur áttu einn son:

(f.2.1) Ketill Ingólfsson (1936) prófessor í stærðfræði í Bandaríkjunum kvæntur Úrsúlu Gertrud Ingólfsson (1943) tónlistarkennara og píanóleikara fædd í Sviss, eiga 4 dætur: Katla Soffía (1970); Judith Franziska (1973); Mirjam Ingunn (1974); Bera Björg Elísabet (1975, 2 börn).

(f.3) Ketill Vilhjálmsson (1915-1916).

(f.4) Margrét Helga Vilhjálmisdóttir (1920-2016) gift Andrési Björnssyni (1917-1998) útvarpsstjóra, áttu 4 börn:

(f.4.1) Valgerður Andrésdóttur (1949) gift Ögmundi Jónassyni (1948) sagnfræðingi, stjórn málafræðingi og fv. alþingismaðni, eiga 3 börn: Andrés (1974); Guðrún (1979, 3 börn); Margrét Helga (1981, 3 börn).

(f.4.2) Vilhjálmur Kristinn (1951) læknir, kvæntur Kristínu Jóhannsdóttur (f. 1953) hjúkrunarfræðingi, eiga tvo syni: Jóhann (1979, 3 börn); Andrés (1983, eitt barn). Ólafur Bjarni ókvæntur (1955).

(f.4.3) Margrét Birna (1957) á 2 börn með Jóni Þórisssyni (1954) cand. arch: Þórir Gunnar (1986); Vigdís (1988; 3 börn).



Vilhjálmur Ketilsson (1871-1959) og Valgerður Jóakimsdóttir (1886-1957).



Margrét Vilhjálmsdóttir og eiginmaður hennar Andrés Björnsson.



Vilborg Vilhjálmsdóttir og eiginmaður hennar Ingólfur Þorsteinsson.

Fjölskylda Helgu Ketilsdóttur

Eiginmaður Helgu Ketilsdóttur var Brynjólfur Gunnarsson (1850-1910), einkabarn hjónanna Gunnars Halldórssonar (1824-1876) stórbónda í Kirkjubogvígi og konu hans Halldóru Brynjólfsdóttur (1812-1897). Halldóra var dóttir séra Brynjólfs Sigurðssonar Sívertsen (1767-1837) prests á Útskálum og Steinunnar Helgadóttur (1770-1857) frá Seli við Seltjörn, Gullbringusýslu. Séra Sigurðar B. Sívertsen tók við Útskálum af föður sínum 1826 og varð Brynjólfur Gunnarsson aðstoðarprestur hjá Sigurði á Útskálum 1875-1888 áður en honum var veitt Staðarprestakall í Grindavík 1894 þar sem hann sat til dánardags 1910.

Ættir þeirra Brynjólfs og Helgu samtvinnuðust á þann hátt að föðuramma Brynjólfs var Anna Jónsdóttir (1789-1859) sem þótti afar glæsilegur kvenkostur og átti þrjá eiginmenn þá Hákon Vilhjálmsson (1753-1821) (áttu 5 börn), Halldór Gunnarsson (1796-1830) föðurafa Brynjólfs prests (áttu 5 börn) og Ketil Jónsson (1793-1869) föðurafa Helgu Ketilsdóttur (1861-1942) (áttu eina dóttur). Ketill Jónsson var áður kvæntur Vigdísi Jónsdóttur (1795-1830) og átti með henni 5 börn þar á meðal Ketil Ketilsson (1823-1902) föður Helgu Ketilsdóttur (sjá nánar bls. 12: Ætt og æskustöðvar Helgu Ketilsdóttur).

Helga og Brynjólfur eignuðust fjögur börn: *Gunnarínu* sem dó á fyrsta aldursári (1880), *Vilborgu* (1882-1909) dó eftir sjúkdómslegu 27 ára gömul þá gift Júlíusi Kristni Einarssyni (1874-1948), hreppsstjóra í Garðhúsum, síðar verslunarmaður í Keflavík, *Halldóru* (1883-1939) og *Gunnar* (1885-1964). Að auki ólu þau hjón upp fjögur vandalaus börn sem sín eigin og fleiri ungmenni munu hafa dvalið á heimili þeirra um lengri eða skemmri tíma (sjá nánar bls. 16-17).

Hjónin Brynjólfur og Helga hvíla, ásamt dóttur þeirra Vilborgu, í eldri hluta kirkjugarðsins að Stað í Grindavík (legstaðir 36:1-3).



Vilborg Brynjólfsdóttir (dóttir Helgu og Brynjólfs, dó 27 ára) og eiginmaður hennar Júlíus Kristinn Einarsson.

Gunnar Brynjólfsson (1885-1964) sonur Helgu, var vitagagnavörður og bjó á neðri hæð Hverfisgötu 55 ásamt konu sinni Ingibjörgu Ágústu Einarssdóttur (1893-1959) frá Hrólfskála Seltjarnarnesi og þremur börnum:

-(a) *Helgu* (1915-1965) sem eignaðist síðar með Kristni Hallgeiri Árnasyni (1916-1994) fjögur börn þau Gunnar (1939-2013) barnlaus; Helgu (1941) á 2 syni; Árna (1947-2001) barnlaus; og Brynjólf (1951-2005) barnlaus. Síðar til heimilis að Reykjahlíð 12, Rvk. (*Minning: Morgunblaðið 17.11.1965, bls. 20*).

-(b) *Brynjólf* (1917-1949) sem eignaðist síðar þrjú börn með Oddrúnu Sigríði Halldórsdóttur (1923) þau Ingibjörgu (1943) á 4 börn með bandarískum eiginmanni og býr í Bandaríkjunum; Sigríði (1944) á 3 syni; og Gunnar (1947) á einn son. Síðar til heimilis að Kárastíg 8, Rvk. (*Minning: Alþýðublaðið 16.12.1949, bls. 7*).

-(c) *Margréti* (1923-1981) sem eignaðist síðar með Jóni Guðbjarti Ólafssyni (1918-1962) þrjú börn þau Ingibjörgu (1948) á 3 börn; Kristínu (1951) á einn son; og Ólaf Guðbjart (1956-1975) barnlaus. Síðar til heimilis að Grenimel 24, Rvk. (*Minning: Morgunblaðið 03.02.1981, bls. 35*).

Gunnari og Ingibjörgu er svo lýst í áðurnefndri minningargrein um Helgu dóttur þeirra: *Húsfreyjan var gestrisin og gjafmild myndarkona, svipmikil hvar sem hún fór, en húsbóndinn gæðamaður, hæglátur og stilltur en skapfastur, maður, sem öllum var hlýtt til og virtu, er honum kynntust.*

Gunnari er nánar lýst í minningarorðum í Mbl. 2.10.1964 og Ingibjörgu í minningarorðum í Mbl. 27.11.1959 (bls. 15) en þar má finna eftirfarandi ummæli Bárðar Jakobssonar lögfræðings:

Mbl. 2.10.1964: „*Gunnar lifði samkvæmt hinu forna spakmæli sá lifir vel sem lifir óþekktur því það var mjög fjarri Gunnari að trana sér á nokkurn hátt fram. Að baki hæglátu og yfirlætislausu látbragði var feimnislaus, háttvís og höfðingleg framkoma sem var honum eðlilegt og meðfætt. Að baki eðlislægðri hógværð og hlédrægni var þó skapmikill og þéttur persónuleiki þegar honum þótti taka því. Hann var hagar vel, músíkalskur og áhugamaður um manntafl og stangaveiði. Að útliti var hann stórleitur nokkuð og svipmikill, með hærri mönnum, grannur alla tíð og mun hafa verið hraustmenni.*“

Mbl. 27.11.1959 (bls. 15): *“Ingibjörg var með allra glæsilegustu konum í sjón, þríf, myndarleg, rausnarleg og húsmóðir ágæt. Hún var alltaf létt í bragði þegar hún var heimsótt, jafnvel þótt vitað væri um áhyggjur eins og þær gerast í lífi manna, og sorgir. Annað var það, að hún mátti ekkert aumt sjá, og verð ég að segja að mér fannst stundum um of manngæði hennar. Hún var með afbrigðum barngóð. Nutu barnabörn hennar þessara mannkosta, en auk þess er mér kunnugt um að svo var um fleiri börn, og nefndu sum hana „ömmu“, enda þótt svo væri ekki í raun og veru.*



Gunnar Brynjólfsson, Ingibjörg Ágústa og börnin: Helga, Brynjólfur og Margrét fremst.



Brynjólfur Gunnarsson, Oddrún Halldórsdóttir (Rúna) og dæturnar Ingibjörg (Bubba) og Sigríður (Sidda).



**Til vinstri systkinin Ingibjörg (Bubba), Sigríður (Sidda) og Gunnar (börn Brynjólfs og Oddrúnar).
Til hægri Kristján (Kiddór), Sidda og Bubba í garðinum á Hverfisgötu 55.**

Halldóra Brynjólfsdóttir (1883-1939) dóttir Helgu, húsfreyja að Hverfisgötu 55. Henni er lýst svo í minningarorðum í Mbl. 1.11.1939, bls.6 (Bárður Jakobsson): *“Hún var svo orðvör og umtalsgóð að afbrigðum sætti og aldrei hafi henni hrökkvið ljótt orð af munni. Hún mátti ekki heyra talað illa um aðra og annað það sem mest einkenndi hana var hreinlæti, reglusemi og vandvirkni í hvívetna og hún hafi helgað sig manni, börnum og heimili.”*

Kristján Jónasson (1875-1941) tengdasonur Helgu, var næturvörður og lögreglumaður fæddur í Deild Bessastaðahreppi og ættaður frá Álftanesi og Húnavatnssýslu. Hann var sonur Jónasar Jónssonar (1849-1931), fæddur á Skinnastöðum, Þingeyrarsókn, Hún, síðar bóndi og sjómaður á Bakka, Garðahr og Hliði á Álftanesi (átti 12 alsystkini og 4 sammæðra hálsystkini). Móðir Kristjáns var Sigríður Jónsdóttir (1853-1927) fædd í Garðasókn, Gull (átti 10 alsystkini og eina samfeðra hálsystur). Upplýsingum um fæðingardag og ár Kristjáns ber ekki saman í ólíkum heimildum en Þorgils Jónasson sagnfræðingur (sonarsonur Oddnýjar Elínar systur Kristjáns) telur ljóst að fæðingarárið sé 1875 og fæðingardagur sé 27.06 (álit KJ sjálfs) eða 1.07 (Kirkjubók) það ár.

Kristján var af sumum nefndur Kristján "bæjarprýði" vegna þrúðmannlegrar framkomu í starfi og daglegu lífi sbr. Mbl. 10.03.1940. Þar má m.a. finna eftirfarandi ummæli *Erlings Pálssonar (1895-1966)* yfirlögregluþjóns: *„Það var svo undarlegt með hann Kristján; hann gat járnað menn og farið með þá í Steininn hvað eftir annað, en aldrei heyrðist honum hallmælt. Fyrir sömu verk var okkur hinum aftur á móti úthúðað sem örgustu föntum og níðingum.“* Eins er þar að finna eftirfarandi kvæði eftir starfsbróður hans *Lárus Salómonsson (1905-1987)*.

Til Hr. Kristjáns Jónassonar lögregluþjóns í tilefni af 25 ára starfsafmæli 1940.

Þú hefir löngum þetta líf
þroskans gripið tókum,
vel beitt þínum virka hníf
verið hreinn í rökum.

Helsis bönd þú hefir rist
horft svo frjáls og glaður.
Skorið burtu skemmdan kvist
skemmtilegi maður.

Ýmsir segja opinbert
eftir mönnum greindum.
Bæjarprýði beint þú ert
bæði í sjón og reyndum.

Þú varst forðum þrekinn, snjall.
Þegar mætir slægum
gafstu eitt sinn geysifall
glímukappa frægum.

Gullna kosti og göfga tel
geyma týnt og fundið,
þér hefir farist það svo vel
þú hefir vaxtað pundið.


Mín er spá að muntu því
mikinn sigur hljóta,
verða Drottins varðsveit í
vörður allífs bóta.

Drenglyndi og dygðin þín
dóma tímans stendur
meðan eygir mannleg sýn
meðan skrifa hendur.

Líf þitt ekki lýsa þarf
ljós er bak við tjöldin.
Fyrir aldarfjórðungsstarf
ferð með hreinan skjöldinn.



Fjölskylda Halldóru Brynjólfsdóttur eiginmaðurinn Kristján Jónasson og dæturnar Vilborg Ragnheiður og Brynja Helga.



Kristján Jónasson lögregluþjónn og við vinnu hjá Sakadómi á efri árum. Til hægri Jónas Jónsson (1849-1931) faðir Kristjáns Jónassonar, bóndi og sjómaður á Álftanesi. Mynd af Sigríði Jónsdóttur móður Kristjáns er ekki aðgengileg. Sigríður og Jónas hvíla í Bessastaðakirkjugarði og er nánar getið á bls. 20-23 í Niðjatali Sigurðar Jónassonar „Móaætt á Skagaströnd“, G.Ben. hf, Reykjavík 1992.

Systkini Kristjáns Jónassonar

Kristján Jónasson átti 8 systkini sem bjuggu víða um land m.a. Reykjavík, Skagaströnd og Vestmannaeyjum. Alsystkini Kristjáns Jónassonar voru: (a) Oddný Elín (1878-1967) Barónsstíg 18 Reykjavík (b) Sigríður Jónasdóttir (1880-1948) Vestmannaeyjum; (c) Haraldur Jónasson (1888-1941) fiskmats- og vélamaður Vestmannaeyjum; (d) Elísabet Ósk Jónasdóttir (1890-1966) Reykjavík; (e) Jón Palmi Jónasson (1892-1988) sjómaður Hafnarfirði. (f) Grímur Gísli Jónasson (1893-1923) sjómaður Efra-Hliði Bessastaðahreppi. Hálfbræður samfedra voru: (g) Sigurður Jónasson (1870-1944) skipstjóri Móum á Skagaströnd, (h) Jón Jónasson (1871-1944) daglaunamaður Nýlendugötu 27 Reykjavík. Afkomendum þeirra og kynnum mínum af þeim er nánar lýst hér að neðan.

(a) Oddný Elín (1878-1967), Barónsstíg 18 Reykjavík, átti 4 börn með Guðmundi Gíslasyni (1883-1969):

(a.1) Jónas Þorbergur (1908-1979) sjómaður, átti 2 börn með Ólafíu Ingibjörgu Þorgilsdóttur (1913-1993): Þorgils (1948) sagnfræðingur; Oddný (1940-1997).

(a.2) Margrét Ingibjörg (1909-1976) átti einn son með Tryggva Þorfinnssyni (-1971); Þorfinnur Óli Tryggvason (1939-2016) matreiðslumaður.

(a.3) Magnús (1912-1961) málari, átti 3 börn með tveimur konum: Magni Reynir (1935) frímerkjakauptaður með Hjörnýju Tómasdóttur (1916-2003); Kolbrún Bergmann (1947 og Margrét Bergmann (1956-1966) með Olgu Guðrúnu Benediktsdóttur (1912-1957).

(a.4) Haraldur Kristinn (1922-1981) tónlistarkennari, átti 4 börn með Lilju Grétu Þórarinsdóttur (1922-2005): Guðmundur (1941-2017) prentari Neskaupsstað; Þuríður Margrét (1943); Hlöðver Smári (1950); Matthildur Rós (1954).

(b) Sigríður Jónasdóttir (1880-1948) Vestmannaeyjum, átti 3 börn með Sveini Ásmundi Hall (1883-1973) og 3 dætur með Birni Friðriki Guðjónssyni (1888-1949):

(b.1) Anna Lovísa Sveinsdóttir (1905-1984) flutti til Danmerkur, átti 2 syni með dönskum manni: Ove Merlung (1930-1967); Erik Björn Merlung (1936).

(b.2) Ásmundur Sveinsson (1906-1906).

(b.3) Logi Eldon Sveinsson (1907-1986) múrarmeistari Hafnarfirði, átti 4 börn með Jónínu Helgu Jónsdóttur (1910-1992): Sigurbjörn Eldon (1934-2018); Haraldur Eldon (1938-2014); Jón Eldon (1941); Ingibjörg Eldon (1950-2017).

(b.4) Ólöf Sigríður Björnsdóttir (Lóa) (1910-1994) átti dætur með tveimur eiginmönnum þeim Óskari Sólbergssyni (1909-1985) og Hjálmari Filipp Hafliðasyni (1919-1998): Birna Sólberg Óskarsdóttir (1933-2016) flutti til Bandaríkjanna; Sigríður Hjálmarsdóttir (1950).

(b.5) Guðfinna Súsanna Björnsdóttir (Dúa) (1912-1995) átti tvo syni með Oddi Sigurðssyni (1914-1995): Sigurð (1942); Björn (1951).

(b.6) Pyri Björnsdóttir (1915-1954) átti tvö börn með Jóni Árna Árnasyni (1916-1970): Björn (1949); Sigríður Ragnheiður J Briem (1951).

(c) Haraldur Jónasson (1888-1941) Fiskmats- og vélamaður Vestmannaeyjum átti 4 börn með Ágústu Friðsteinsdóttur (1891-1977):

(c.1) Ásta Guðmunda (1914-2005) Vestmannaeyjum, átti 3 börn með Bjarna Gíslason Jónssyni (1911-1987): Magnús Bjarnason (Muggur) (1934-2019); Ágústa Björk Kærnested (1939); Ásta Birna (1945).

(c.2) Sigríður (1916-1993) Vestmannaeyjum átti Ágústu (1936-2016) með Guðmundi Óskari Ólafssyni (1914-1981) og síðar 5 börn með eiginmanni Jóni Hlöðveri Johnsen (Súlli) (1919-1997): Margrét (1942); Sigríður H (1948); Anna Svala (1955), Haraldur Geir (1956); Svava Björk (1959).

(c.3) Guðríður (1917-1961) átti 4 börn með Þórnari Þorsteinssyni (1923-1984): Steina Kristín (1945); Ágústa (1947); Haraldur Þór (1953-2019); Guðbjörn (1959-1977).

(c.4) Ágústa (1919-1989) Vestmannaeyjum, átti 8 börn með Trausta Jónssyni (1917-1994): Haraldur (1939-1993); Jón Steinar (1941-2018); Ágústa (1943); Brynja (1944); Óli Ísfeld (1945) læknir í Bandaríkjunum; Steinunn (1948); Ásta (1950); Trausti Ágúst (1952-1969).

(d) Elísabet Ósk Jónasdóttir (1890-1966) Reykjavík átti dóttur með Guðmundi Eiríkssyni Eiríks (1892-1930) og 5 börn með Lárusi Bjarnasyni (1890-1960):

(d.1) Karen Petrea Guðmundsdóttir (1911-2002) átti tvær dætur með Jóni Sigurðssyni (1906-1964): Elísabet (1939); Sigríður Jónsdóttir Malmquist (1944).

(d.2) Haukur Bragi Lárusson (1916-1975) Svíþjóð, átti 3 börn með Edith Olgu Clausen (1917-2006): Elísabet (1939); Karl Pétur (1942-2015); Haukur Lárus (1957-2010).

(d.3) Valur (1917-1976) átti 1 barn með Gróu Jónný Guðjónsdóttur (1913-1982): Trausti (1946).

(d.4) Emelía (1918-1988) átti 4 börn, dóttur með Guðmari Ingiberg Guðmundsýni (1908-1993), dóttur (1951) (faðir óskráður) og tvö börn með Guðfreði *Einari* Sigurðssýni (1903-1971): Esther Guðmarsdóttir (1947); Valgerður Björnsdóttir (1951), kjörfaðir: Björn Þorsteinsson (1918-1986); Sigurður Einarsson (1955); Lára Einarsdóttir (1960).

(d.5) Friðþjófur (1921-1976) ógiftur og barnlaus;

(d.6) Sverrir (1924-2009) ógiftur.

(e) Jón Pálmi Jónasson (1892-1988) sjómaður Hafnarfirði, átti 5 börn með Guðlaugu Daníelsdóttur (1891-1984):

(e.1) Jóna Sigríður Þormar (1918-1987) átti einn son, kjörfaðir Geir Guttormur Pálsson Þormar (1917-1993); Sigurður Grímur Þormar (1939-2006).

(e.2) Skarphéðinn (1921-2013) átti 5 börn með Rósu Önnu Bjarnadóttur (1925-2013): Vilhjálmur Albert (1942); Jón Pálmi (1945-2013); Heimir (1948); Björgvin Bjarni (1954); Skarphéðinn (1956).

(e.3) Jónasína (1926-2011) átti 3 börn með Geir Þórðarsýni (1926-2013): Þór (1952); Örn (1954); Ásgeir (1968).

(e.4) Lovísa (1927-1989) átti 2 syni með Sigurði Þorkelssýni (1925-1985) og 6 börn með Úlfari Garðari Randverssýni (1934): Haraldur Sigurðsson (1945); Geir Sigurðsson (1946); Þórir Úlfarsson (1952); Guðlaugur Jón (1954); Gyða (1956); Jóna Sigríður (1960); Úlfar Randver (1962); Matthildur Kaymaz (1966).

(e.5) Guðjón (1930-2004) Hafnarfirði, átti 3 börn með Ernu Bergsveinsdóttur (1932-2002): Ómar (1952); Gerður (1958); Guðlaug Linda (1967).

(f) Grímur Gísli Jónasson (1893-1923) sjómaður Efra-Hliði Bessastaðahreppi átti 2 börn með Sigríði Stefánsdóttur (1895-1978):

(f.1) Stefán Hörður (1819-2002) ógiftur og barnlaus. Uppeldisforeldrar Gissur Gissurason og Gróa Sveinsdóttir Selkoti Eyvindarhólssókn, Rang.

(f.2) Borgar Tómas (1921-1954) ógiftur og barnlaus. Fósturforeldrar Jón Bjarnason og Vilborg Þórðardóttir Vestmannaeyjum.

Hálfbræður:

(g) Sigurður Jónasson (1870-1944) skipstjóri Móum á Skagaströnd átti einn son (Gunnlaug Friðrik) með Ingibjörgu Guðrúnu Jónsdóttur (1860-1942) og 10 börn með Björgu Bjarnadóttur (1875-1959):

(g.1) Gunnlaugur Friðrik (1897-1986) átti einn son með Þuríði Sveinsdóttur (1893-1937): Rafn Hafnfjörð (1928-2011).

(g.2) Bjarnína Guðrún (1898-1898).

(g.3) Guðmann Bjarni (1900-1924) átti einn son með Valgerði Kristjánsdóttur (1898-1976): Kristján Björn (1924-2006), var á Laugavegi 53b 1930.

(g.4) Helga Vilhelmina (1902-1974) átti 8 börn með Óskari Janúaríus Bergssýni Laufdal (1886-1946): Bergljót Björg (1924-2004); Sigurbjörg (1926-2016); Sigtryggur Helgi Laufdal (1928-1986); Þorsteinn Gísli (1930); Ósk Sigríður Laufdal (1935-1935); Hreinn Laufdal (1938-1940); Ásdís Laufdal (1940-1994); Helgi Óskar Laufdal (1945-1946).

(g.5) Sveinsína Rut (1904-1977) átti 6 börn með Stefáni Júlíusi Jónssýni og einn son (Óli) með Gísla Styff (1912-1981): Gísli Línadal (1927-1993) en eitt 8 barna Gísla Línadal er Kristinn Jósep (1952) sem á 5 börn þar á meðal Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur (1992) golfkona; Þóranna (1929-1999); Þorvaldur (1930-1980); Bjarni Guðmann (1933-1980); Jórunn (1936-2003); Hulda (1944-2017); Óli Svend Styff (1946-2016).

(g.6) Sveinbjörn Ágúst (1906-1975) átti eina dóttur (Hanna) með Guðrúnu Jónasdóttur og 14 börn með Matthildi Sigurðardóttur (1914-2005): Hanna Ágústa (1931-2005); Bjarni Guðmann (1931-2012); Ólafur (1935); Hildur *Sigrún* (1936); Hallbera Árný (1938); Alda (1940); Bára (1940); Ása (1941); Þórdís (1942); Sigríður (Björg) (1946); Sigurður Magnús (1948); Hrönn (1951); Matthildur *Bylgja* (1952-2009); Sveinbjörn Ægir (1954); Sjöfn (1956).

(g.7) Kristján (1908-1996) Grindavík, átti 3 börn með Margréti Sigurðardóttur (1909-1994): Sigurður Gunnar (1929-2012); Björg Sigríður (1931); Ólafía Kristín (1940-1999).

(g.8) Sigurður Ólafsson Sigurðsson (1911-1994) Hafnarfirði, átti 3 börn með Vilhelmínu Dagbjörtu Guðmundsdóttur (1906-1998): Guðrún (1944-2012); Brynjar (1945); Svanhildur Sesselja (1951).

(g.9) Ingólfur (1913-1979) átti 7 börn með Soffíu Jónfríði Guðmundsdóttur (1916-200): Helgi Guðmundur (1935-1999); Magnús Davíð (1937); Erla Svanhildur (1938-2017); Kristján Árni (1941); Steinunn Sigríður (1944); Sigurður Björn (1950-2005); Guðbjört Guðjóna (1953).

(g.10) Skarphéðinn (1914-1994) átti 7 börn með Petreu Guðmundsdóttur (1921): Gilbert Má (1942-2000); Kristinn Guðmundur (1945); Alda Björk (1947); Sigrún Birna (1948); Hugrún Peta (1950); Skarphéðinn Elvar (1956); Hulda Berglind (1959).

(g.11) Höskuldur (1916-1986) Akranesi, ógiftur og barnlaus.

(h) Jón Jónasson (1871-1944) daglaunamaður Nýlendugötu 27 Reykjavík átti 3 börn með Ragnheiði Jónsdóttur (1878-1942):

(h.1) Jón Kristinn (1898-1983) átti 4 börn með Ingveldi Eiríksdóttur 1908-1993): Eyjólfur (1929-2016); Verna Oktavía (1932-2011); Ragnheiður Jónsdóttir (1936-2009); Margrét Jónsdóttir (1937).

(h.2) Hjálmar Axel (1900-1976) átti 2 börn með Þórunni G. Thorlacius (1909-1990): Árni Ólafur Thorlacius (1933-1968); Guðfinna Thorlacius (1940-1947).

(h.3) Verna Oktavía (1901-1920) ógift og barnlaus.



Systurnar þrjár, frá vinstri Sigríður, Oddný Elín og Elísabet Ósk Jónasdætur.

Ég kynntist á uppvaxtarárum mínum afkomendum Sigríðar þeim Loga, Lóu, Dúu og Þyrí og sumum börnum þeirra. Logi og synir hans voru þekktir brautryðjendur í hleðslu opinna eldstæða og listhagir mjög. Þyrí bjó einn vetur ásamt manni sínum Jóni á Hverfisgötu 55 en hún lést af slysförum ung að árum. Einnig kynntist ég Karen dóttur Elísabetar og dætrum hennar. Það var ekki fyrr en á fullorðinsárum sem ég kynntist afkomendum Oddnýjar þeim Þorgils sagnfræðingi og Magna frímerkjasala svo og Óla Ísfeld (f. 1945) lækni, búsettur í

Bandaríkjunum, en hann er afkomandi Haraldar og kom Óli í fylgd Þorgils í heimsókn til móður minnar á Lindargötu á árinu 2009. Þorgils var mér mjög hjálplegur við alla upplýsingaöflun.



Karen Petrea Guðmundsdóttir (1911-2002) og eiginmaður hennar Jón Sigurðsson slökkviliðsstjóri. Karen var dóttir Elísabetar Ósk og bjó að Háuhlíð Reykjavík.



Sigríður Jónsdóttir Malmquist og Elísabet dætur Jóns og Karenar.



Lóa og eiginmaðurinn Hjálmar í heimssókn á Hverfisgötu 55.



Þriðji ættliður 1957: Sigurður Oddsson (sonur Díuu), Jón og Ingibjörg (Logabörn), Sigríður Hjálmarsdóttir (dóttir Lóu, fyrir miðju) og Kristján sonur Brynju Kristjánsdóttur lengst til hægri.

Vilborg Ragnheiður Kristjánsdóttir (8.05.1915-10.03.1967) móðursystir mín er fædd á Hverfisgötu 55 í Reykjavík. Vilborg lauk prófi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1932 og hóf þá nám við Menntaskólann í Reykjavík en varð frá að hverfa vegna veikinda. Hún stundaði um skeið verslunar- og skrifstofustörf en réðst ritari hjá sakadómaraembættinu í Reykjavík 1941 og starfaði þar í tvo áratugi. Það féll í hlut hennar að veita heimili systranna forstöðu við veikindi og fráfall móður, föður og móðurömmu þeirra systra á tímabilinu 1939-1943 og allt þar til móðir mín gekk í hjónaband á árinu 1943.



Vilborg Ragnheiður (VRK).



VRK með yngri systur sinni Brynju Helgu.



Systurnar Vilborg Ragnheiður (sitjandi) og Brynja Helga (standandi) í garðinum Hverfisgötu 55.

Vilborg giftist Bárði Jakobssyni (1913-1984) lögfræðingi og fluttist til Ísafjarðar 1961 en kynni þeirra hófust er hann bjó um tíma á námsárum sínum í kjallaraherbergi á Hverfisgötu 55 gegn því að kenna Brynju móður minni er hún var 12-15 ára. Tengsl hans við Hverfisgötu 55 voru þó áfram sterk þar sem hann var áfram manntalsskrifaður þar af og til allt þar til þau Vilborg gengu í hjónaband 8.05.1961 og fluttu til Ísafjarðar.

Á Ísafirði bjuggu þau fyrst að Fjarðarstræti 13 en síðan í nýbyggðu fjölbýlishúsi að Eyrargötu 6 og vorum við eldri systkinin þar tíðir gestir á heimili þeirra. Vilborg starfaði þá hjá sjúkrasamlaginu á Ísafirði en Bárður rak þar málflutningsskrifstofu, kenndi við Gagnfræðaskólann og starfaði sem aðstoðarbókavörður við Héraðsbókasafn Ísafjarðar til 1972 eins og fyrr greinir. Vilborg greindist ung með brjóstakrabbamein sem tók sig upp að nýju 1965 og lést á Ísafirði 1967 þá 51 árs að aldri. Það var ætíð mjög náið samband milli þeirra systra Vilborgar og Brynju og kom Vilborg fram við okkur börnin sem sín eigin og var þeim systurum báðum mjög annt um að við fengjum sem best uppeldi og menntun, eins áttum við náið samband við Bárð allt fram að andláti hans 1984.

Í minningarorðum um Vilborgu í Mbl. 31.03.1967 (bls.22) rituð af Baldri Steingrímssyni starfsbróðir hennar hjá sakadómara kemur fram eftirfarandi lýsing á Vilborgu: *“Hún var prýðilega greind, sjálfstæð í skoðunum og fór gjarnan sínar eigin leiðir, en var þó flestum lausari við fordóma. Hún hafði mikla ánægju af ýmiss konar þjóðlegum fróðleik og mannfræði,*

var óvenju ættfróð og minnug og kunnig á ótrúlegum fjölda manna, einkum hér í Reykjavík og nágrenni. Hún hafði mikinn áhuga á ferðalögum og notaði sumarleyfi sín að jafnaði að einhverju leyti til að kynnast landi og þjóð. Hún unni söng og leiklist og sótti gjarnan slíkar skemmtanir. Hún mat mikils fornar dyggðir; var frændrækin, trygglynd, vinföst og greiðvikin. Hún var óvenju vel verki farin að hverju, sem hún gekk. Húsverk og heimilisstörf léku henni í hendi. Hún var mikil og listvirk hannyrðakona og skrifaði óvenju skýra og fallega rithönd.”



Bárður og Vilborg R á yngri árum á Hverfisgötu 55.



Bárður Jakobsson, mynd úr lögfræðingatalinu og stúdentsmynd.



Kennarinn Bárður og neminn Brynja Helga í garði Hverfisgötu 55. Vilborg og Bárður til hægri.

Bárður Jakobsson (29.03.1913-21.05.1984) kvæntist móðursystur minni á 46 ára afmælisdegi hennar 8.05.1961 en kynni þeirra hófust fyrst er hún var 22 ára að aldri eins og áður hefur fram komið. Bárður var ættaður frá Bolungarvík (Hólsætt) og átti tvo bræður Guðmund Ágúst (1912-1985) bókaútgefanda (Ægisútgáfan) og Ásgeir (1919-1996) rithöfund og bóksala (Bókabúð Rikku á Akureyri). Þeir bræður misstu föður sinn Jakob Elías Bárðarson (1889-1923) útvegsbónda þegar Bárður var 10 ára gamall og móður sína Dórótheu Helgu Jónasdóttur (1877-1932) átta árum síðar en hún var af Skeggjastaðaætt í Húnaþingi. Í minningarorðum kemur fram að vegna fjölskylduaðstæðna hafi Bárður átt erfiðara uppdráttar en margur unglingur á sínum uppvaxtarárum en var einstaklega duglegur að útvega sér góða sumarvinnu og vann mörg sumur á síld, í bestu skipsrúmunum og sem netamaður á Siglufirði. Hann aflaði sér menntunar með harðfylgi og dugnaði, lauk stúdentsprófi frá MA 1935 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1942 hvorutveggja með 1. einkunn. Hann tók á þeim tíma virkan þátt í félagslífi stúdenta og var formaður stúdentaráðs HÍ 1939-1940 og í minningarorðum um Bárð kemur fram að vegna dómgreindar og mælsku hafi honum á þeim tíma tekist að koma í veg fyrir að 1. desemberræða formanns stúdentaráðs leiddi til uppþota gegn kommúnistum vegna innrásar Rússa inn í Finnland 1939.

Hann starfaði hjá sýslumanninum á Húsavík og sem lögfræðingur á Akureyri (1940-1944) og var þá kvæntur Þóru Hafstein (1919-2000) og átti með henni tvo syni þá Jakob Jóhann lögfræðing (1941-2009) og Jóhannes Júlíus Bárðarson Havsteen (1942-1977) stýrimann. Báðir synir Bárðar voru síðar ættleiddir af föður Þóru, Jóhannesi Júlíusi Jakobssyni Havsteen (1886-1960) sýslumanni, og létust báðir barnlausir. Bárður vann síðan sem fulltrúi hjá borgarfélaginu í Reykjavík (1947-1950) og hlaut hdl. réttindi á árinu 1950. Á tímabilinu 1951-1956 vann hann sem umboðsmaður í London og varð ævifélagi í lögmannsfélaginu Grey's Inn í London 1959. Eftir heimkomuna frá Bretlandi 1956 starfaði hann um skamma hríð sem fulltrúi hjá bæjarfélaginu á Seyðisfirði og síðan sem lögfræðingur í Reykjavík þar til hann kvæntist Vilborgu og flutti til Ísafjarðar 1961. Þar vann hann sem fulltrúi hjá bæjarfélaginu á Ísafirði og sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu til 1964, vann við málflutnings- og fræðistörf auk kennarastarfa við gagnfræðiskóla Ísafjarðar 1964-1966 og hlaut hann hrl

réttindi í lok árs 1966. Hann starfaði síðan áfram við málflutningsstörf samhliða starfi sem aðstoðarbókavörður við Héraðsbókasafnið á Ísafirði til 1972.

Bárði er nánar lýst í í minningarorðum í tímariti lögfræðinga desember 1984. Þar kemur m.a. fram að hann hafi snemma tekið þátt í pólitísku starfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var meðal annars í gerviframboði fyrir flokkinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1942. Honum var þá gert að sannfæra stuðningsmenn flokksins um að kjósa andstæðinginn vegna hagsmuna flokksins í öðru kjördæmi. Haft var á orði af þeim sem til þekktu að mikla hæfileika hafi þurft til að koma þessu máli í ásættanlegan pólitískan farveg. Hann átti síðar sæti í kjördæmaráði Sjálfstæðisflokksins í Vestfjarðakjördæmi, fræðsluráði Ísafjarðar, framtalsnefnd og formaður héraðsbókasafnsins á Ísafirði.

Í minningarorðum kemur einnig fram að Bárður hafi hneigst snemma til fræði- og ritstarfa. Samhliða hefðbundnum lögfræðistörfum vann hann við fréttá- og blaðamannastörf auk kennslustarfa og ritstjórn m.a. á vegum Stúdentaráðs, Sjómannablaðsins Víkings, Íslendinga á Akureyri (1945) og Frjálsrar verslunar. Hann sótti kennaranámskeið í sjóvinnu og vann að mörgum ritsmíðum um líf og störf íslenskra sjómanna og eftir hann liggja fjöldi frumsaminnna og þýðdra ritverka þar á meðal Afburðamenn og orlagavaldar, fimm binda verk, og Skipabók AB (ásamt Ólafi Sigurðssyni) sem sagt er feiknaverk. Er hann andaðist var hann einnig langt kominn með 50 ára sögu Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar 1893-1943 (ref: JÁ).

Kostir og breyskleikar Bárðar koma fram í minningargrein Jóhannesar Ásgeirssonar (JÁ) hrl. bróðursonar Bárðar sem lýsir honum svo í minningarorðum í tímariti lögfræðinga desember 1984. *“Hann var maður með fjölbreyttan lífsferil og enn fjölbreyttara einkalíf. Hann var gjörvulegur með mikla reisn í fasi og allri framkomu. Honum var flest vel gefið í vöggugjöf, en ekki allt fremur en öðrum mönnum. Hann var góður námsmaður og duglegur til verka og átti létt um að laða að sér fólk svo mörgum var vel til hans og vildu greiða götu hans. Hann var einstaklega vel máli farinn, mælskur, skýrmæltur, málhagur og ágætlega ritfær, heimslýstarmaður, sagður kvenhollur og félagslyndur þótt hann væri einfari um langt skeið ævinnar. Í lok námstímans við HÍ væntu menn mikils af honum en það var eins og farsældin yfirgæfi hann um leið og hann lauk prófi. Þá komu fram þverbrestir í skapgerð hans, átök skaphörku og tilfinninganæmi leiddu til baráttu við sjálfan sig, baráttu sem hann tapaði. Þrátt fyrir að hann væri jafnan í starfi var ekki stefnt að neinu marki.*

Jóhannes segir að lokum að *“um tíma virtist þó ætla að rætast úr fyrir honum, hann kvæntist öndvegiskonu, en missti hana eftir 5 ára sambúð og mátti ekki við því“*. Kona sú er Jóhannes vitnar til í eftirmálum sínum um Bárð var móðursystir mín Vilborg Ragnheiður Kristjánsdóttir sem var hans styrkur en dó um aldur fram eins og áður greinir. Í bréfi til móður minnar dags. 11.10.1967 kemur fram djúp sorg og söknuður eftir andlát Vilborgar. Greina má að Bárður átti frekar erfitt uppdráttar, sefur stutt og er þreyttur á sál og líkama. Hann flytur alfarið á ný til Reykjavíkur 1972 þar sem hann á þá því láni að fagna að kynnast Guðrúnu I Jónsdóttur (1922-2005) þingverði, frá Ytri-Veðrará í Önundarfirði, V-Ís. Þau hófu sambúð 2.02.1973 sem stóð allt þar til Bárður lést 1984. *Í minningarorðum í Mbl. 1984 kemur fram að hún hafi hlúð að honum og hann að henni í áralöngum veikindum beggja og gott var að sjá þá ástúð og umhyggju er hún sýndi honum í löngu og erfiðu dauðastríði.*

Þó móðursystir mín Vilborg Ragnheiður hafi gert ráð fyrir að eiginmaðurinn Bárður myndi hvíla við hlið hennar í ættargrafreitnum í Fossvogi fór þó svo að lokum að hann hvílir nú við

hlið Guðrúnar I. Jónsdóttur í Gufuneskirkjugarði og sannast þar að “enginn ræður sínum næturstað“.

Ég minnst Bárðar með hlýju, hann upplýsti mig og kenndi margt gagnlegt og átti stóran þátt í lífi fjölskyldunnar á Hverfisgötu 55 meðan hans naut við.

Brynja Helga Kristjánsdóttir (19.05.1923-9.12.2012) móðir mín var fædd að Hverfisgötu 55 í Reykjavík, í móðurætt frá Kotvogi, Útskálum og Kirkjuvogi í Höfnum og í föðurætt frá Álftanesi og Húnavatnssýslu. Samband hennar við Halldóru móður hennar var afar náð og því mikið áfall er hún féll frá 1939, síðan andaðist faðir hennar 2 árum síðar 1941 og loks móðuramma hennar Helga Ketilsdóttir 1942. Eftir andlát foreldra og móðurömmu hætti hún námi við Verslunarskólann rétt tæplega 18 ára gömul og vantaði þá eitt ár í námslok. Hún hóf störf sem skrifstofustúlka hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, síðar hjá lögmannsstofu Jóns Ásbjörnssonar o.fl. lögmannna en stoppaði þar stutt vegna lágra launa. Hún fékk þá betur launað starf hjá Gunnari í Stálhúsgögn þegar Guðrún Jónsdóttir, vinkona systur hennar Vilborgar, flutti til Ameríku en starfið fól í sér umsjá launagreiðslna, sölustörf og allt annað sem til féll. Hún hætti þar þegar hún kynntist föður mínum og átti mig tvítug að aldri 14.12.1943, síðan komu systkini mín með 6 ára millibili, Brynjólfur 8.02.1950, Halldóra 1.02.1956 og Sigurður Þór 23.05. 1962 og helgaði hún líf sitt manni, börnum og heimili.

Móðir mín var mjög félagslynd kona, glaðvær og létt í skapi. Það var því oft gestkvæmt á Hverfisgötunni, bæði gestir utan af landi er dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma auk tíðra heimsókna vina, vinkvenna, skyldmenna og tengdafólks úr borginni. Það er í raun mesta furða hve margir einstaklingar komust fyrir á svo fáum fermetrum sem Hverfisgatan hafði upp á að bjóða. Móðir mín var einstök kona og er best að vísa til eftirfarandi ummæla tengdadóttur hennar Sigrúnar Óskar í minningarorðum í Mbl. 21.12.2012 (bls. 30) sem ég get gert að mínum eigin: *“Brynja var ákaflega vel innrætt með fallegt og gott hjartalag. Ég man aldrei eftir að hún hafi talað illa um neinn eða að hún léti í ljós óánægju með eitthvað í lífinu. Hún sá alltaf það jákvæða í öllu. Hún var einstaklega nægjusöm og tókst einhvern veginn að gera gott út öllu. Hún kunni að njóta hvort sem það var falleg tónlist eða fagurt umhverfi og naut þess að hitta fólk, halda veislur eða fara í veislur. Allir í kringum hana komu í fyrsta sæti og hún síðan í annað sæti. Eiginleikar sem ekki voru til í hennar orðalista voru eigingirni, afbrýðisemi eða öfund en að gleðjast með öðrum, það kunni hún vel.*



Bræðurnir Kristján (f. 1943) og Brynjólfur (f. 1950).



Systkinin Halldóra (f. 1956) og Sigurður Þór (f. 1962).



Brúðkaupsmynd foreldra minna frá árinu 1943.



Brynja Helga og fjölskylda, mynd tekin 1957 en þá var Sigurður Þór ófæddur.



Brynja Helga og fjölskylda 1963.



Foreldrar mínir og prestshjónin á Barði við skírn Halldóru systur.

Sigurður Sigurðsson (3.06.1922-25.03.2005) faðir minn var fæddur í Reykjavík. Hann missti móður sína er hann var á öðru aldursári og hefur það örugglega sett sitt mark á hann. Hann kvæntist móður minni fljótlega eftir verslunarskólanám og vann langstærsta hluta ævi sinnar sem sölumaður hjá heildverslun Ásbjarnar Ólafssonar samhliða eigin rekstri. Hann var vinnusamur maður og um leið mikið snyrtimenni hvort heldur hann var við sölustörf eða að lagfæra húsið eða bílana sína. Hann gat verið snöggur upp á lagið ef svo bar undir enda sagði hann við mig á slíkri stundu „þú ert svo stríðinn að þú gætir reitt stein til reiði.“ Hann hafði þó oftast jafnaðargeð og sérstaklega þegar á reyndi. Ég man sérstaklega eftir tveimur tilvikum er snertu bíla, en hann hafði sérstakt auga fyrir góðum glæsilegum bílum, og átti m.a. glæsilegan Ford Galaxy blæjubíl sem ég fékk stundum að spóka mig á og lenti þá tvisvar í óhöppum. Í annað skiptið kom gat á olíupönnuna þegar hún rakst í polla á hafnarbakkanum og í hitt skiptið var keyrt inn í miðjan bílinn þar sem hann stóð staðsettur á plani fyrir utan hús skólabróður míns, báðir nýútskrifaðir stúdentar með stúdentshúfu á höfði. Það voru erfið spor er ég gekk til föður míns sem tók þessu með ró og sagði mér að hafa engar áhyggjur þetta væri allt hægt að laga „það er ekki á hverjum degi sem þú útskrifast sem stúdent sonur sæll“. Föður mínum er nánar lýst í minningarorðum Sigrúnar Óskar tengdadóttur hans í Mbl. 4.04.2005 (bls. 27): *“Í eðli sínu var Sigurður listamaður, hafði næmt auga fyrir fegurð í allri sinni mynd og eyra fyrir fallegri tónlist. Hann var snyrtimenni og hafði góðan smekk fyrir fallegum klæðaburði. Hann*

var hjálpsamur og handlaginn og gat lagað allt svo ég tali nú ekki um bílana sína sem hann átti nokkra. Alltaf var hann að lagfæra og fegra heimili þeirra Brynju á Hverfisgötunni, mála húsið og laga bæði að utan og innan, skrautmála eða koparskreyta.“



Ættargrafreiturinn í Fossvogskirkjugarði (2022). Hér hvíla hjónin Halldóra Brynjólfsdóttir og Kristján Jónasson ásamt dætrum og tengdasyni (legstaðir C16 / 16-18. Helga Ketilsdóttir hvílir við hlið eiginmanns síns að Stað í Grindavík (legstaðir 36 / 1-2 í eldri hluta garðsins).

Heildverslun Ásbjörns Ólafssonar var þá á Grettisgötu 2A. Ásbjörn var sonur Vigdísar systur Helgu Ketilsdóttir. Heildverslunin annaðist innflutning og sölu á ýmsum varningi, svo sem vefnaðarvöru, skófatnaði og smávörum. Fljótlega bættust svo við matvörur, byggingavörur, húsgögn, fatnaður og ýmislegt fleira. Í bernsku minni minnst ég þess að faðir minn var með aðsetur á annarri hæð í sölurými heildsölnunnar sem var inn af skrifstofunni þar sem Jóhanna Gunnarsdóttir bróðurdóttir Ásbjörns (góð vinkona Vilborgar móðursystur minnar) réð ríkjum ásamt Eysteini Guðmundssyni gjaldkera en hann var ættaður frá Helgafellssveit Snæfellsnesi.

Á fyrstu hæð var lagerinn og þar réð ríkjum Alexander Jóhannesson fv. skipsstjóri, en hann var eiginmaður Halldóru systur Ásbjörns og vék hann stundum að mér sælgæti sem fannst á lagernum. Halldóra bjó með móður sinni á Grettisgötu 26 og hafði þar m.a. umboð fyrir Happadrætti SÍBS í kjallara hússins. Á efstu hæð Grettisgötu 2A bjó Ásbjörn sjálfur og minnst ég hans þegar hann kom á skrifstofuna klæddur silkislopp, virðulegur í fasi. Árið 1967 flyst heildverslunin að Borgartúni 33 og opnaði Ásbjörn þar einnig Véla- og raftækjaverslunina, en auk hennar rak hann einnig um tíma Kjólabúðina Mær í Lækjargötunni, Húsgagnaverslun Austurbæjar á Skólavörðustígnum, Timburverslun og innflutning timburs í Skeifunni.



Grettisgata 2A, heildverslun Ásbjörns. Til hægri Grettisgata 26 heimili Vigdísar móður Ásbjarnar.



Ásbjörn Ólafsson heildsali og dætur hans Lolly og Lamba.

Ásbjörn bjó á á efstu hæðinni í Borgartúni 33 með sambýliskonu sinni Dagbjörtu Eyjólfsdóttur (Dæju) allt til dauðadags 1987. Árið 1992 flutti fyrirtækið í Skútuvogi 11a en það var þá orðið fjölskyldufyrirtæki í eigu barna Björns Guðmundssonar og Ólafíu dóttur Ásbjarnar og hætti faðir minn störfum fljótlega þar á eftir.

Ásbjörn var á þessum árum þjóðþekktur maður og er ágætlega lýst í minningargrein sonar bróðurdóttur hans séra Gunnars Björnssonar í Ísendingaþáttum Tímans 4 tölublað 02.02.1978 (bls. 14-15): *“Ásbjörn var ekki aðeins góður málamaður, heldur eðlisgreindur vel og fjölgáfaður, mikill unnandi fagurbókmenna, víðlesinn maður um margt, sagnasjór svo að slíks munu færri dæmi á síðari tímum og frásagnargáfan með afbrigðum. Gamansemi hans og léttleiki í lund öfluðu honum vinsælda. Framkoma Ásbjarnar og fas allt bar vitni viljasterkum heimsmanni.”*

Sigurður Eyleifsson

Sigurður Eyleifsson (1891-1975) föðurafi minn var togaraskipsstjóri frá Gesthúsi á Seltjarnarnesi. Faðir hans var Eyleifur Guðmundsson (1852-1922) frá Nýjabæ Seltjarnarnesi (átti 8 alsystkini og 3 sammæðra hálf-systkini) og móðir var Kristjana Margrét Sigurðardóttir (1850-1904) fædd í Hrafnagilssókn í Eyjafirði (átti eina alsystur og 8 samfeðra hálf-systkini).

Fyrri kona Sigurðar var Einhildur Þóra Jónsdóttir (1886-1924) fædd í Hafnarfirði (átti 6 alsystkini). Faðir hennar var Jón Sveinsson (1845-1912) frá Vötnum í Ölfusi (átti einn albróður

og eina sammæðra hálf systur) og móðir var Helga Egilsdóttir (1853-1908) frá Bala í Garðahreppi, Gullbringusýslu (átti 5 alsystkini og einn sammæðra hálfbróður). Einhildur Þóra lést 37 ára gömul í kjölfar veikinda eftir fæðingu. Sigurður og Einhildur eignuðust 4 börn sem verður nánar getið síðar.

Seinni sambýliskona og barnsmóðir Sigurðar var Ólafía Steinunn Ingimundardóttir (1893-1983) en hún átti fyrir eina dóttur Bryndísi Einarsdóttur Scheving Thorsteinsson (1918-1941) ógift og barnlaus. Ólafía var notaleg kona sem ég heimsótti af og til á Njálsgötu 86 þar sem hún bjó á mínum uppvaxtarárum með fóstursystur sinni Ingibjörgu Jónsdóttur. Föðurafi minn bjó á uppvaxtarárum mínum á Sólvallagötu 5a en þar bjó einnig Helga dóttir hans á efri hæð og risi með fjölskyldu og kom ég þar oft í heimsókn á þessum árum. Þessi vesturbæjartengsl eru sennilega ástæða þess að ég hef sjálfur ætíð verið stuðningsmaður KR eins og margir aðrir afkomendur Sigurðar Eyleifssonar.



Áhöfn togarans Arinbjörns Hersis 1940 og þar má greina Sigurð Eyleifsson (49 ára) skipstjóri ásamt sonum hans tveimur hásetunum Arinbirni (12 ára) og Sigurði (18 ára) og bróður skipstjórans Guðmund Eyleifsson (57 ára) bræðslumanni.

Börn Sigurðar Eyleifssonar

Sigurður átti 4 börn með Einhildi Þóru Jónsdóttur (1886-1924) og síðar 2 börn með Ólafíu Steinunni Ingimundardóttur (1893-1983) en Ólafía átti fyrir Bryndísi Einarsdóttur Scheving Thorsteinsson (1918-1941).

Börn Sigurðar og Einhildar Þóru voru:

(a) *Kristjana Margrét (1916-2006)* fædd að Hverfisgötu 80 síðar verslunarkona gift Pétri Guðmundssyni (1917-1984) skipstjóra og áttu þau 3 börn: Guðmundur (1946) hrl. sem á 3 börn; Ingibjörg (1948-2022) iðjuþjálfari sem átti 2 börn; Sigurður (1957) verslunarmaður sem á 5 börn.

(b) *Helga (1919-2004)* fædd að Hverfisgötu 80 síðar hárgreiðslumeistari gift Lárusi Benedikt Björnssyni (1923-2005) yfirverkstjóra og áttu 2 börn: Þórhildur (1953) sem á 3 börn; og Óli Björn sem á 3 börn (1958).

(c) *Sigurður faðir minn (1922-2005)* fæddist að Grettisgötu 36 verslunarmaður kvæntur Brynju Helgu Kristjánsdóttur (1923-2012) og áttu 4 börn eins og áður er fram komið.

(d) *Þóra Einhildur (1923-2006)* húsfreyja fæddist að Grettisgötu 19B gift Jóhannesi Guðmundssyni (1922-2008) og áttu 5 börn: Bryndís (1948) sem á 3 börn; Sigurður Einar (1949) sem á 3 börn; Jóhanna Ingibjörg (1954) sem á 5 dætur og er búsett í Ástralíu; Ásgerður (1956-2010) sem átti 3 börn; Þóra (1961) sem á 3 börn.

Börn Sigurðar og Ólafíu voru:

(d) *Arinbjörn (1928-2009)* togaraskipsstjóri kvæntur Lilju Magnúsdóttur (1928-2020) og áttu 4 börn: Ólafía (1954) á eina dóttur; Guðmundína (1955) á 3 dætur; Magnús (1957) á 4 börn; Sigurður (1959) á 3 börn. Fyrir hjónaband átti Arinbjörn Sigurmund (1949) (móðir Guðrún Sigurmundardóttir (1928-2020) sem á 4 börn.

(e) *Ingibjörg (1932-2013)* hjúkrunarfræðingur gift Hinriki Péturssyni Lárussyni (1932) og átti 6 börn: Lárus (1956) á 2 börn; Sigurður (1956) á 3 börn; Guðbjörg (1959) á 3 börn; Bryndís (1961) 3 börn; Sigrún (1962) á 3 börn; Ingibjörg (1963) barnlaus. Bæði Arinbjörn og Ingibjörg voru fædd að Sólvallagötu 5a.

Góður samgangur var ætíð milli þessara systkina og afkomendum þeirra.



Sigurður Eyleifsson (SE) skipstjóri föðurafi minn.



Börn Sigurðar Eyleifssonar, faðir minn yst til hægri.



Kristjana Sigurðardóttir.



Helga Sigurðardóttir.



Sigurður Sigurðsson.



Þóra Einhildur Sigurðardóttir.



Arinbjörn Sigurðsson.



Ingibjörg Sigurðardóttir.



Fjölskylda Þóru Einhildar Sigurðardóttur, Barónsstíg 11, í göngufæri við Hverfisgötu 55.



Hverfisgata 80 fæðingarstaður Kristjónu og Helgu / Grettisgata 36 fæðingarstaður föður míns.



Grettisgata 19B, fæðingarstaður Þóru / Sólvallagata 5A lokabúsetustaður Sigurðar Eyleifssonar.

Bræður Sigurðar Eyleifssonar

Föðurafi minn átti 3 bræður . (a) **Guðmundur Eyleifsson (1883-1943)**, (b) **Eyleifur Eyleifsson (1885-1886)** og (c) **Eyleifur Eyleifsson (1888)**. Guðmundur skipstjóri, *Grettisgötu 20a, Reykjavík*, eignaðist eftirtalin 4 börn með þremur konum.

(a) *Sigríður (1908-1990)* með Steinunni Óladóttur (1888-1947). Sigríður átti Bergþóru (1927) með Pétri Vilhelm Jensen (1874-1961) og Helgu (1929); Steinunni Ágústu (1932) og Elmar Þorkel (1943) með Ólafi Árna Ágústssyni (1903-1982).

(b) *Birgir (1925-1948)* með Guðrúnu Eyþórsdóttur (1886-1931). Birgir átti Guðlaugu (1945) með Pálínu Freygerði Þorsteinsdóttur (1927-2008).

(c) *Kristine (1927-2014)*, með Guðrúnu Guðbrandsdóttur (1899-1954). Kristine átti Guðrúnu Kormáksdóttur hjúkrunarfræðing (1963) með Kormáki Sigurðssyni (1924-2003).

(d) *Guðný (1925-2014)*, einnig með Guðrúnu Guðbrandsdóttur. Guðný átti Guðrúnu Hallfríði Bjarnadóttur (Höddu listakonu) (1949) með Bjarna Ingimar Júlíussyni (1923-2000); og Sigríði Jónsdóttur (1956), Guðmund Birgi Jónsson (1958-1975), Jón Óskar Jónsson (1961) með Jóni Óskari Guðmundssyni (1929).

Ég átti á fullorðinsárum góð samskipti við þær Guðrúnu Kormáksdóttur og Höddu listakonu og fjölskyldur þeirra.

Einhildur Þóra Jónsdóttir (1886-1924) og systkini

Föðuramma mín Einhildur Þóra Jónsdóttir (1886-1924) átti 6 alsystkini en þau voru:

(a) *Halldóra Jónsdóttir (1876-1961)* Reykjavík ógift.

(b) *Þóra Jónsdóttir (1878-1972)* Hafnarfirði gift Jóhannesi Þorsteinssyni (1884-1947) og áttu 3 börn: Þorstein (1912-1936) átti 1 dóttur; Jón Helga (1913-1982) átti 7 börn; Einhildur Þóra (1915-2002) átti 6 börn.

(c) *Jónína Jónsdóttir (1881-1881)*.

(d) *Sveinn Jónsson (1882-1918)* sjómaður Hafnarfirði átti 4 börn með 3 konum: Jónína Bárðarlína (1915-1999) (móðir Margræti Jöhönnu Jónsdóttur (1890-1982) sem átti 2 börn; Gunnlaugur Sveinn (1916-1983) (móðir Þuríður Gunnlaugsdóttir (1880-1927) sem átti 4 börn; Jón (1917-1917); Sveinn Jón (1919-1920).

(e) Egill Jónsson (1889-1925) sjómaður Hafnarfirði átti 6 börn með Þjóðbjörgu Þórðardóttur (1891-1984): Helga (1916-2006) átti 2 börn; Stefán (1918-2009) átti 1 barn; Aðalsteinn (1919-1994) átti 4 börn; Jón (1921-2008) átti 3 börn; Guðný Eyjólfína (1922-2007) átti 1 barn; Egill (1925-) átti 1 barn.

(f) Jón Pálmi Jónsson (1894-1968) verkamaður Hafnarfirði átti 6 börn með Þórlínu Jónu Sveinsdóttur (1898-1951): Sveinbjörn (1921-1967) átti 6 börn; Einhildur Þóra (1924-2015) átti 4 börn; Jón Gunnar (1926-1927); Jón Helgi (1927-) átti 4 börn; Eva (1929-2011) átti 4 börn; Stúlka andvana fædd 1929.

Ég minnst ekki náinna kynna af þessum skyldmönnum mínum.



Einhildi Þóru Jónsdóttur föðuramma mín.



Ólafía Steinunn Ingimundardóttir (1893-1983) ásamt Bryndísi dóttur sinni (til vinstri efri röð) og börnum Sigurðar af fyrra hjónabandi, Kristjana (til hægri efri röð), og í neðri röð frá vinstri eru Þóra Einhildur, Helga og faðir minn Sigurður yngri.

Barð í Fljótum

Guðmundur Benediktsson (1901-1987), frá Ási í Vatnsdal, síðar prestur á Barði í Fljótum (1933-1966), fæddist á Hrafnabjörgum í Austur-Húnavatnssýslu og á ættir að rekja til Bólstaðarhlíðarættar í föðurætt og Guðlaugsstaðaættar í móðurætt. Hann bjó um tíma á námsárum sínum í kjallaraherbergi á Hverfisgötu 55 gegn því að kenna Vilborgu móðursystur minni. Frá þeim tíma var gott vinasamband milli fjölskyldu hans og fjölskyldu minnar og dvöldu einstakir fjölskyldumeðlimir Barðsfólksins um styttri og lengri tíma á Hverfisgötunni (Jón og Signý) og fjölskyldumeðlimir Hverfisgötufólksins á Barði um sumartíma.



